

Skólanámskrá 2015



Formáli

Hverjum leikskóla ber samkvæmt lögum að gera sér skólanámskrá. Skólanámskrá er ætlað að vera leiðarvísir starfsmanna en einnig að gefa foreldrum og öðrum sem áhuga hafa upplýsingar um starf skólans. Í skólanámskránni koma fram sérkenni leikskólans, þau meginmarkmið sem hann setur sér og lýsing á starfsaðferðum til að ná settum markmiðum.

Leikskólastjórar í Hafnarfirði skipuðu vinnuhóp veturinn 2013-14 sem bjó til sameignilegt efnisyfirlit fyrir skólanámskrár Leikskóla Hafnarfjarðar. Allir starfsmenn Hlíðarbergs komu síðan að gerð skólanámskrár veturinn 2013-2014 en þá voru skipulagsdagar leikskólanna í Hafnarfirði nýttir til sameiginlegrar fræðslu um námsþætti. Unnið var í umræðuhópum á leikskólanum með hvern þátt. Teymi var síðan skipað í Hlíðarbergi sem sá um ritun skólanámskrárinnar út frá niðurstöðum úr hópavinnunni. Í teyminu sátu auk leikskólastjóra, Guðbjörg Vésteinsdóttir sérkennslustjóri og Marta Dögg Sigurðardóttir deildarstjóri. Foreldraráð leikskólans fékk skólanámskrána síðan til umsagnar (sjá neðar.)

Skólanámskráin er í stöðugri endurskoðun og gert er ráð fyrir að hún verði uppfærð þriðja hvert ár.

Hafnarfirði maí 2015,

Ólafía Guðmundsdóttir

Leikskólastjóri

Leikskólinn Hlíðarberg skólanámskrá 2015

Útgefandi:

Leikskólinn Hlíðarberg

Hlíðarbergi 1

221 Hafnarfirði

Sími: 5784300

Netfang: hlidarberg@hafnarfjordur.is

Veffang: leikskolinn.is/hlidarberg

Leikskólastjóri: Ólafía Guðmundsdóttir

Aðstoðarleikskólastjóri: Svanhildur Ósk Garðarsdóttir

Höfundar: Starfsmenn leikskólans 2014

Ritnefnd: Ólafía Guðmundsdóttir, Guðbjörg Vésteinsdóttir og Marta Dögg Sigurðardóttir

Efnisyfirlit

Formáli.....	2
1 Inngangur	5
2 Leikskólinn Hlíðarberg	6
2.1 Starfsfólk leikskóla	6
2.2 Hlutverk leikskólastjóra	7
2.3 Hlutverk leikskólakennara og annarra starfsmanna.....	7
3 Stefna leikskólans og hugmyndafræði	8
3.1 Hugmyndafræði Reggio Emilia	9
3.2 SMT skólafærni	9
3.3 Leiðarljós leikskólastarfsins	9
3.4 Kennsluhættir leikskólans	10
3.5 Námsumhverfi	11
4 Grunnþættir menntunar	13
4.1 Jafnrétti	13
4.1.1 Jafnrétti í leikskólastarfi.....	13
4.2 Læsi.....	14
4.2.1 Læsi í leikskólastarfi.....	15
4.3 Heilbrigði og velferð	16
4.3.1 Heilbrigði og velferð í leikskólastarfinu	16
4.4 Sjálfbærni.....	16
4.4.1 Sjálfbærni í leikskólastarfi.....	17
4.5 Sköpun	17
4.5.1 Sköpun í leikskólastarfi	18
4.6 Lýðræði og mannréttindi.....	19
4.6.1 Lýðræði og mannréttindi í leikskólastarfi.....	19
5 Samþætt og skapandi leikskólastarf.....	20
5.1 Læsi og samskipti.....	20
5.2 Heilbrigði og vellíðan	21
5.3 Sjálfbærni og vísindi	23
5.4 Sköpun og menning	25
6 Fjölskyldan, upplýsingamiðlun og leikskólinn	29
7 Tengsl skólastiga og tengsl við nærumhverfið	30
8 Mat og eftirlit	32
8.1 Ytra mat á leikskólastarfi	32
8.2 Innra mat á leikskólastarfi	32
8.3 Mat á SMT-skólafærni	33
8.3.1 Mat barna	33
8.3.2 Mat starfsmanna leikskólanna	33

8.3.3	Mat foreldra	33
9	Sérkennsla	34
10	Heimildarskrá	34

1 Inngangur

Leikskólar eru menntastofnanir og jafnframt fyrsta skólastigið þar sem markmiðið er að koma til móts við mismunandi námsþarfir ólíkra barna og stuðla að alhliða þroska, velferð og menntun hvers og eins barns. Í hverjum leikskóla er skólanámskrá gefin út og er leikskólastjóri ábyrgur fyrir gerð hennar.

Aðalnámskrá leikskóla byggir á lögum um leikskóla nr. 90/2008 og er rammi um leikskólastarfið og leiðsögn um tilgang þess og markmið. Námskráin birtir heildarsýn um menntun og útfærir nánar þá menntastefnu sem felst í lögnum og veitir upplýsingar um tilgang og starfsemi skólans. Hlutverk aðalnámskrárinnar er að birta menntastefnu stjórnvalda og ber leikskólum og starfsmönnum þeirra að fylgja ákvæðum hennar við skipulagningu leikskólastarfs. Aðalnámskrá á því að tryggja leikskólabörnum góðar aðstæður til náms í samræmi við gildandi lög og menntastefnu. Aðalnámskrá er helsta stjórnæki fræðsluyfirvalda til að tryggja samræmi og samhæfingu leikskólastarfs við útfærslu sameiginlegrar menntastefnu. Námskráin er ein meginforsenda þess að mennta- og menningarmálaráðuneytið geti gegnt lögboðnu hlutverki sínu við að annast yfirstjórn og eftirlit með gæðum og framkvæmd skólastarfs. Aðalnámskrá veitir upplýsingar um helstu viðmið sem starfsemi leikskóla byggist á (Aðalnámskrá 2011 bls. 9-10).

Skólanámskrá Hlíðarbergs tekur mið af sérstöðu leikskólans og skólastefnu viðkomandi sveitarfélags. Skólanámskráin er endurskoðuð reglulega en árlega er gefin út sérstök starfsáætlun sem gerir grein fyrir starfsemi leikskóla, svo sem skóladagatali, áhersluatriðum í uppeldi og menntun barnanna svo og öðru því sem varðar starfsemi leikskólans sbr. 14. gr. laga nr. 90/2008. Tengsl á milli skólanámskrár og starfsáætlunar eru mikilvæg þar sem starfsáætlun tekur mið af endurmati og umbótum á skólastarfinu sem leiðir til breytingar á skólanámskrá leikskólans (Aðalnámskrá bls. 10-11).

Í leikskólum á velferð og hagur barna að vera leiðarljós í öllu starfi. Veita á börnum umönnun og menntun, búa þeim hollt og hvetjandi uppeldisumhverfi og örugg náms- og leikskilyrði. Stuðla á að því að nám fari fram í leik og skapandi starfi þar sem börn njóta fjölbreyttra uppeldiskosta. Starfshættir leikskóla eiga að mótast af umburðarlyndi og kærleika, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi, virðingu fyrir manngildi og kristinni arfleifð íslenskrar menningar.

Meginmarkmið uppeldis og kennslu í leikskóla eru:

- að fylgjast með og efla alhliða þroska barna í náinni samvinnu við foreldra,
- að veita skipulega málörvun og stuðla að eðlilegri færni í íslensku,
- að hlúa að börnum andlega, vitsmunalega og líkamlega í samræmi við þarfir hvers og eins svo að börnin fái notið bernsku sinnar,
- að stuðla að vísýni barna og efla siðferðisvitund þeirra,
- að leggja grundvöll að því að börn verði sjálfstæðir, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi sem er í örri og sífelldri þróun,
- að rækta hæfileika barna til tjáningar og sköpunar í þeim tilgangi m.a. að styrkja sjálfsmynd þeirra, heilbrigðisvitund, öryggi og hæfni til mannlegra samskipta (Lög um leikskóla 2008/90)

2 Leikskólinn Hlíðarberg

Leikskólinn Hlíðarberg er í Setbergshverfi í Hafnarfirði og tók til starfa 25. mars 1993. Í leikskólanum dvelja að jafnaði 110 börn samtímis og þar starfa 30 starfsmenn. Leikskólinn starfar samkvæmt lögum um leikskóla frá 2008. Leikskólinn er rekinn af Hafnarfjarðarbæ og hefur skólaþjónusta Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar eftirlit með fag- og rekstrarlegum þáttum hans. Leikskólinn er opin alla virka daga frá 7.30-17.00. Börnin eru með breytilegan dvalartíma frá 4 -9 klukkustundir á dag. Leikskólaárið hefst í ágúst með aðlögun nýrra barna og því lýkur í júlí þegar sumarleyfi hefst. Vegna sumarleyfa er lokað í 20 virka daga. Leikskólinn er einnig lokaður í fimm virka dag á ári vegna skipulagsdaga. Gefið er út leikskóladagatal í upphafi hvers skólaárs þar sem skipulagsdagar og hefðbundnir viðburðir koma fram og þeir menningarviðburðir sem leikskólinn tekur þátt í.

Leikskólinn var fjögurra deilda, en árið 2008 var bætt við einni deild. Fjórar deildir eru í aðalbyggingu og er fimmta deildin, Tröllahlíð, staðsett í frístandandi húsi á lóð gengt aðalbyggingu. Deildarnar **Hamrahlíð** og **Dvergahlíð** eru fyrir 2-3 ára börn, **Klettahlíð** og **Álfahlíð** eru fyrir 3-4 ára og **Tröllahlíð** er fyrir 5- 6 ára börn.

Í upphafi skólans var farið af stað með það sem efst var á baugi í leikskólastarfi á þeim tíma t.d. einingarkubba, tónlist og hreyfingu. Einnig var unnið þróunarverkefni með Setbergsskóla um samstarf grunn- og leikskóla. Grunnur var lagður að hreyfistarfi með starfandi íþróttakennurum sem byggðu upp skipulagðar hreyfistundir.

Árið 2003 var farið að horfa til starfsaðferða Reggio Emilia hugmyndafræðinnar þar sem sköpun er grundvallarþáttur og endurnýtanlegur efniviður mikið notaður í sköpun og leik. Leikskólinn setti upp Remidu (skapandi efnisveitu) 2008 og 2012 á Björtum dögum, menningarhátíð Hafnarfjarðar í samvinnu við leikskólans Stekkjarás. Skapandi, endurnýtanlegur og opin efniviður er mikið notaður í leikskólanum. Leikurinn er aðal kennsluáðferðin í leikskólanum en könnunarleikur, könnunaraðferð og stöðvavinna eru þær kennsluáðferðir sem hafa einnig verið notaðar.

Byrjað var að innleiða SMT-skólafærni (school management training) í leikskólann árið 2006 og leikskólinn varð sjálfstæður SMT skóli í desember 2012. Árið 2011 var farið af stað með verkefnið skóli á grænni grein og fékk leikskólinn grænfána á haustdögum 2014

Einkunnarorð leikskólans eru **hreyfing , sköpun og vellíðan.**

2.1 Starfsfólk leikskóla

Forsendur að farsælu leikskólastarfi er mannauður leikskólans. Starfsfólk leikskóla ber að rækja starf sitt af fagmennsku, alúð og af samviskusemi. Starfsfólkið skal gæta kurteisi, nærgætni og lipurðar í framkomu sinni gagnvart börnum, foreldrum þeirra og samstarfsfólki samkv. 5. gr. laga um leikskóla. Fagmennska í leikskólastarfi snýst um börnin í leikskólanum, menntun þeirra og velferð. Á starfsfólki hvílir sú skylda að veita börnunum tækifæri til að afla sér þekkingar og leikni, örva leikgleði þeirra og efla frjóa hugsun (Aðalnámskrá 2011 bls. 11). Á herðum leikskólastjóra hvílir sú skylda að stuðla að samstarfi milli foreldra, starfsfólks leikskóla og annars fagfólks með velferð um hagi barna og foreldra þeirra. Einnig ber leikskólastjóra að brýna þagnarskyldu fyrir starfsfólki sínu sem felst í þagmælsku um vitneskju sem það fær í starfi sínu og skal fara leynt samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirmanns og eða eðli málsins (52.gr. barnalaga , nr. 76/2003).

Starfsmenn leikskólans eru bæði leikskólakennarar og leiðbeinendur. Mikilvægur þáttur í árangursríku leikskólastarfi er hæft og áhugasamt starfsfólk. Til að viðhalda faglegum vinnubrögðum er starfsmönnum boðið upp á starfsþróun og áætlun gerð fyrir starfsmannahópinn. Á Hlíðarbergi er lögð áhersla á að nálgast markmið mannauðsstefnu Hafnarfjarðarbæjar sem eru að :

- efla þekkingu og færni starfsmanna með faglegum ráðningum í störf, áætlunum um starfsþróun og skilgreindum aðferðum til að laða að og halda í hæft og áhugasamt starfsfólk.
- tryggja að á vinnustöðum Hafnarfjarðarbæjar þróist fagþekking, þjónustulund og verkunnátta í samræmi við stefnu bæjarstjórnar og hvers vinnustaðar.
- skapa starfsumhverfi þar sem starfsfólk finnur að störf þess eru metin að verðleikum og að það hafi tækifæri til að hámarka árangur sinn í starfi í þágu íbúa bæjarins.

Til þess að nálgast þessi markmið er gerð greining á þörf fyrir starfsþróun í starfsmannaviðtölum ár hvert og út frá henni unnin símenntunaráætlun sem er í framkvæmd yfir allt leikskólaárið.

Leikskólakennurum bjóðast m.a. endur- og símenntunarnámskeið á vegum m.a. Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar, námskeið í samstarfi við Kragaleikskóla (Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur og Seltjararnes), Endurmenntun Háskóla Íslands og fleiri aðila. Einnig sækja starfmenn ráðstefnur, málþing og fræðslufundi bæði innanlands og utan. Námsleyfi eru veitt starfsmönnum til að sækja grunn- og framhaldsmenntun í leikskólafræðum. Mikilvægur þáttur starfsþróunar er umræður og faglegur jafningjastuðningur innan leikskólans sem fer fram á fag- og samráðsfundum og skipulagsdögum.

2.2 Hlutverk leikskólastjóra

Leikskólastjóri er fag- og rekstrarlegur leiðtogi og ber honum að vera í forystu um þróun metnaðarfulls leikskólastarfs. Hlutverk hans er að leiða lýðræðislegt samstarf ólíkra hópa sem starfa innan leikskólans og að sjá til þess að starfsfólk leikskólans hafi tækifæri til að efla þekkingu sína og vera í stöðugri starfsþróun. Að lokum ber leikskólastjóra að sjá til þess að farið sé eftir aðalnámskrá, lögum og reglugerðum og stefnum sveitarfélagsins (Lög um leikskóla 2008/90, Aðalnámskrá leikskóla 2011, Skólafélag Hafnarfjarðar bls. X og Mannauðsstefna 2011 bls. XX)

2.3 Hlutverk leikskólakennara og annarra starfsmanna

Leikskólakennarar gegna lykilhlutverkum í öllu leikskólastarfi. Þeir eiga að vera leiðandi í mótun uppeldis og menntastarfsins, fylgjast með nýjungum og miðla þekkingu. Þeir eiga að vera góðar fyrirmyndir í starfi með börnum og leitast við að styrkja lýðræðislegt hlutverk leikskólans. Leikskólakennurum ber að sjá til þess að hvert barn fái notið hæfileika sinna og að námsumhverfi sé skipulagt á þann veg að börn fái notið bernsku sinnar. Leikskólakennarar eru í lykilhlutverki við skipulagningu og framkvæmd innra mats.

Allt starfsfólk leikskóla á að koma fram við börn af virðingu, taka tillit til og hlusta á þau. Starfsfólk ber ábyrgð á að vera í gefandi samskiptum við börn, samstarfsfólk og fjölskyldur barna. Starfsfólki ber að vinna í anda aðalnámskrár og tileinka sér þá sýn sem sett er fram til barna og náms (Aðalnámskrá bls. 11-12, 31). Starfsmannahópurinn á Hlíðarbergi starfar samkvæmt lögum og reglugerð um leikskóla, lögum um málefni fatlaðra og öðrum þeim lögum er við eiga, aðalnámskrá leikskóla og skólafélag Hafnarfjarðar sem við eiga. Hópurinn hefur á að skipa eftirtöldum starfsmönnum:

- **leikskólastjóri** ber faglega og rekstrarlega ábyrgð á uppeldisstarfi leikskólans og sér til þess að starfsemin fari fram í samræmi við lög og reglugerðir.
- **aðstoðarleikskólastjóri** vinnur ásamt leikskólastjóra að daglegri stjórnun leikskólans og skipulagningu uppeldisstarfsins. Aðstoðarleikskólastjóri er staðgengill leikskólastjóra í fjarveru hans og vinnur þá samkvæmt starfslýsingu hans.
- **sérkennslustjóri** ber ábyrgð á skipulagningu, framkvæmd og endurmati allrar sérkennslu í leikskólanum ásamt deildarstjóra og leikskólastjóra.
- **deildarstjóri** hefur umsjón með faglegu starfi einstakra deilda. Hann skipuleggur og vinnur að uppeldi og menntun barnanna og fylgist með velferð þeirra í samvinnu við foreldra.
- **leikskólakennari** tekur þátt í skipulagningu faglegs starfs deildarinnar undir stjórn deildarstjóra. Hann vinnur að uppeldi og menntun barnanna.

- **leiðbeinandi** vinnur að uppeldi og menntun barnanna undir stjórn deildarstjóra og leikskólakennara.
- **matráður** skipuleggur matseðil, sér um innkaup á mat og eldamennsku.
- **aðstoðarmaður** í eldhúsi vinnur undir stjórn matráðs.

3 Stefna leikskólans og hugmyndafræði

Eitt af hlutverkum leikskólans er meðal annars að búa börnin undir áskoranir og verkefni daglegs lífs og hjálpa þeim að fóta sig í flóknu samhengi náttúru og samfélags, hluta og hugmynda. Leikskólabörn þurfa að hafa vitneskju um hvað þau geta og vita, hvernig best er að beita þekkingu sinni og leikni til að hafa áhrif á umhverfi sitt og bæta það. Nám í leikskóla þarf að byggist á námssamfélagi sem einkennist af grunnþáttum menntunar: læsi, sjálfbærni, lýðræði og mannréttindum, jafnrétti, heilbrigði, velferð og sköpun. Við skipulag leikskólustarfs skal lögð áhersla á nám og menntun barnanna og kennsluaðferðir og samskiptahættir, námsgögn og kennslutæki eiga fyrst og síðast að styðja börnin í námi sínu. Leikskólaskólustarf og nám, sem skilgreint er út frá grunnþáttum menntunar, er sinnt innan námssviða og það fléttað saman við námssviðin (Aðalnámskrá bls. 15).

Til að öðlast fjölbreytilega hæfni eiga leikskólabörnum að gefast tækifæri til að fást við mismunandi viðfangsefni sem tengjast menningu samfélagsins, umhverfi og daglegu lífi. Í öllu leikskólustarfi, þarf að styrkja börn til að temja sér námshæfni þar sem hún er undirstöðuþáttur í öllu leikskólustarfi og byggist á sjálfsskilningi og áhuga. Námshæfni felur í sér að þekkja eigin styrkleika og veikleika og að vera fær um að taka ákvarðanir á þeim grunni. Námshæfni byggist á eðlislægri forvitni barna, áhugahvöt þeirra, trú á eigin getu og hæfileika til að beita hæfni sinni í margvíslegum viðfangsefnum á uppbyggilegan hátt og því er mikilvægt að námsumhverfi í leikskólum sé örvandi (Aðalnámskrá bls. 23-24).

Í lýðræðisríki þurfa borgararnir að búa við mannréttindi og ráða öllum meiriháttar málum sínum sameiginlega. Forsenda lýðræðis er samábyrgð, meðvitund og virkni borgaranna, Virðing fyrir manngildi og heilbrigði barna felur bæði í sér virðingu fyrir mannréttindum þeirra og viðurkenningu á hæfileikum og þroskamöguleikum þeirra. Leikskólum ber að rækta það viðhorf að samfélagið eigi að vera lýðræðislegt og einstaklingarnir gagnrýnir og með framtíðarsýn. Umhyggja fyrir fólki, dýrum og umhverfi er einnig hluti lýðræðismenntunar og á heima í öllum námsgreinum auk þess sem gera á ráð fyrir virku samstarfi við heimili barna og grenndarsamfélagið (Aðalnámskrá bls 19).

Á leikskólanum Hlíðarbergi er litið svo á að hvert barn sé einstakt og búi yfir styrkleikum sem mikilvægt er að rækta í leik og starfi. Barnið þarf að finna að það geti haft áhrif á umhverfi sitt og að tekið sé tillit til óska þess og áhlits. Börn eru námsfús í eðli sínu, jákvæð og opin fyrir nýjungum og því er mikilvægt að þeim séu tryggðar aðstæður í umhverfinu sem eru örvandi svo að þau geti spreytt sig og lært á eigin forsendum. Í leiknum eykst þekking barnsins á sjálfu sér og umhverfi sínu. Því er mikilvægt að gefa börnunum tækifæri til að þroskast í frjálsum leik með öðrum börnum.

Við leggjum áherslu á að virða þarfir allra barnanna. Þetta er gert með því að starfa í minni hópum þar sem einstaklingsþörfum er betur sinnt. Með auknum þroska hafa börn meiri þörf fyrir félagsskap annarra barna og hópkennd þeirra eykst. Til að koma sem best til móts við börnin er dagskipulagið og starfið sniðið út frá þeirra þörfum og lögð er áhersla á að þau fái stigvaxandi ábyrgð með auknum þroska og þekkingu.

Til að tryggja að börnin fái sem best notið leikskóladvalar sinnar teljum við mikilvægt:

- að tekið sé mið af þörfum barnanna
- að umönnun stuðli að vellíðan
- að börnunum sé gefinn kostur á því að læra í leiknum og njóta félagslegra samskipta í hópi jafningja

- að umhverfið sé fjölbreytt og ýti undir sjálfræði og þátttöku barnanna
- að jákvætt hugarfar og starfsánægja sé ríkjandi bæði hjá starfsfólki og börnum
- að húsnæði og útileiksvæði sé öruggt og sniðið að þörfum barnanna
- að auðveldur aðgangur sé að virku stuðningskerfi fagfólks

3.1 Hugmyndafræði Reggio Emilia

Frá árinu 2004 höfum við á Hlíðarbergi verið að beina leikskólastarfinu í átt að hugmyndafræði Reggio Emilia, en það er leikskólastarf sem upprunnið er frá Ítalíu og kennt við samnefnda borg. Starfið sækir innblástur frá eldri kenningum um leikskólauppeldi og fylgir einnig nýjustu rannsóknum á leikskólastarfi.

Barnið er skilgreint sem hæfileikaríkur einstaklingur sem hlusta ber á og virða, allir sem að leikskólanum koma séu jafnrétt háir og eiga í stöðugri samræðu, börn, foreldra og starfsfólk. Listgreinar og leikurinn eru helstu kennslutækin í starfinu. Hlutverk kennarans er að, hlusta á börnin leita með þeim að svörum við spurningum í þekkingaleit þeirra. Kennari þarf að bera virðingu fyrir barninu og meta að verðleikum verk þess, stór sem smá. Hann þarf að ýta undir sjálfræði barna og gera þeim kleift að vera virk og taka þátt á eigin forsendum. Kennari skipuleggur umhverfi sem kallar fram áhuga barnsins og býður upp á samvinnu og lausnaleyti barna og starfsmanna. Með þessum vinnubrögðum er lagður grunnur að rannsakandi hugarfari og ýtt undir forvitni og sköpun barna.

3.2 SMT skólafærni

Unnið er með SMT skólafærni á Hlíðarbergi sem er íslensk útgáfa af PBS (positive behavior support). Markmiðið er að skapa gott andrúmsloft í skólanum og tryggja öryggi og vellíðan barna og starfsfólks. Hvatning er notuð á ýmsa vegu til að umbuna fyrir viðleitni, árangur og framfarir. Skýr mörk eru sett á einfaldan og sanngjarnan hátt til að tryggja að barnið skilji hvað er viðeigandi hegðun og tileinki sér sjálfstjórn í samskiptum við aðra og í umhverfinu. Lögð er áhersla á félagsfærni með því að gefa jákvæðri hegðun gaum með markvissum hætti. Einfaldar reglur er settar og þær lagðar inn hjá börnunum og hafðar sýnilegar upp á vegg til að minna á, þannig að börnum sé ljóst til hvers er ætlast. Þegar börnin fara eftir þeim fá þau bros. Þau safna síðan brosunum saman og þegar ákveðnum fjölda er náð er „brosveisla“ og það sem er gert í brosveislunni er valið áður af börnunum með lýðræðislegri kosningu. Það getur verið ýmislegt sem brýtur upp starfið og tilbreyting er að s.s. bókadagur, búningadagur, göngu eða strætóferð. SMT skólafærni er byggð á PMT (parent management training) en foreldrum býðst að sækja námskeið í því. PMT foreldrafærni var upphafleg þróað og innleitt til Íslands á Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar en er nú eining á Barnarverndarstofu.

3.3 Leiðarljós leikskólastarfsins

Starfsmenn leikskólans Hlíðarbergs hafa sammælt um að hreyfing, sköpun og vellíðan verði leiðarljósin í starfi leikskólans og fléttast þau inn í alla starfs- og kennsluhætti hans. Við viljum að það sem einkenni starfið sé

- að börn fái mörg tækifæri og möguleika til að hreyfa sig í skipulögðum hreyfistundum, frjálsum leik, útiveru, skógar og gönguferðum.
- að vellíðan birtist í því að börnin eru róleg, sátt og yfirveguð við daglega iðju.
- að bjóða börnunum upp á frelsi til sköpunar og marga möguleika til tjáningar.

Að lokum hefur starfsfólkið sammælt um að setja sér það markmiði að skapa góðar minningar með börnum og foreldrum sem fylgi þeim úr leikskólanum út í lífið.

3.4 Kennsluhættir leikskólans

Leikurinn



Leikurinn er mikilvægasta náms og þroskaleið barnsins og er kjarni leikskólastarfsins. Hann fléttast inn í daglegt starf barnsins s.s. í frjálsum leik, hópastarfi, vali, útiveru, hreyfistundum, málrækt, listsköpun og daglegum athöfnum.

Frjáls og sjálfspröttinn leikur er hið eðlilega tjáningarform barnsins. Reynsla barnsins tekur oftast á sig form leiksins og í leiknum fær það útrás fyrir tilfinningar sínar.

Leikurinn stuðlar að alhliða þroska barnsins. Leikurinn greinist frá öðru atferli því að hann sprettur af innri þroskaþörf og öll orka barnsins, hreyfiþörf, hugmyndaflug og athafnaþrá leitar útrásar í leik. Í leik felst mikið sjálfsnám og honum fylgir bæði gaman og alvara. Innan ramma leiksins eru engar kröfur gerðar um ákveðna frammistöðu eða árangur og því er leikurinn tilvalinn vettvangur til að prófa sig áfram og öðlast hæfni á hinum ýmsu sviðum. Þrátt fyrir leik barna á eigin forsendum er kennarinn mikilvægur í leiknum. Hann er ávalt til staðar og reiðubúinn. Þátttaka hans veitir barninu öryggi og stuðning, ýtir undir spurningar og áhugi vaknar. Kennarinn er hvetjandi og með þátttöku sinni getur hann fylgst vel með leik barnanna og með uppeldisfræðilegri skráningu séð hvað leikurinn endurspeglar. Í leik barna á sér stað félagslegt samspil þar sem þau læra samskipti, nauðsyn þess að vinna saman og taka tillit hvert til annars. Margir samverkandi þættir hafa áhrif á leik barna í leikskólanum, s.s. samsetning barnahópsins, leikskilyrði, viðhorf til leiksins og efniviður innanhúss sem utan.

Daglegt starf

Daglegt starf í leikskólanum tekur mið af þörfum barnanna, þroska, aldri, dvalartíma og fleira. Það er barninu mikilvægt að taka þátt í daglegu starfi leikskólans en með því öðlast það færni til að gegna hinum ýmsu hlutverkum sem einstaklingur, eftir því sem þroski þess og færni vex. Með framkomu okkar og viðhorfum miðlum við til barnanna hefðum og menningu samfélagsins og leggjum jafnframt grunn að umburðarlyndi og samskiptafærni barnsins. Með þetta í huga viljum við stuðla að því að uppeldisstarfið og umhverfið miði að því að skapa með börnunum tilfinningalegt jafnvægi og öryggiskennd. Mikilvægir þættir í námi barnsins eru m.a. matartímar, hvíld, hreinlæti, sjálfshjálp, útivera og leikurinn.

Hópastarf

Í hópastarfi er börnunum skipt í smærri aldurshreina hópa. Sami leikskólakennari er með hópinn allt leikskólaárið. Verkefnið og starfið í hópnum er miðað út frá hverjum aldurhóp og getur tengst árstíðum, barninu sjálfu eða áhuga þess á ákveðnu efni, samfélagi og umhverfi. Hver hópur tekur fyrir eitthvert þema sem nær yfir lengri eða skemmri tíma eftir áhuga barnanna.

Í hópastarfi er lögð áhersla á :

- skapandi starf sem hvetur til skapandi hugsunar.
- að börnin hafi tækifæri til að skynja heiminn eftir sinni getu og skilningi.
- barnið sem rannsakanda.
- ferlið en ekki útkomuna.
- að taka verk barna alvarlega.
- virðing borin fyrir skoðunum barna.

Könnunarleikur er notaður á yngri deildum. Með honum viljum við leggja grunn að rannsakandi hugarfari barnanna og ýta undir uppgvötunarnám. Hann fer þannig fram að settur er fram fyrir börnin efniviður og þau fá að leika með hann, handfjalla og skynja, kanna og rannsaka eðli hans og eiginleika. Á þessum aldri erum börnin meira að skoða og skynja á eigin forsendu og samleikur er minni. Í könnunarleik fá þau tækifæri til að nýta öll skynfæri sín, rannsaka og draga ályktanir.

Könnunaraðferð er notuð á miðdeildum. Með henni viljum við gefa börnum tækifæri til að koma með hugmyndir að verkefnum og skoða viðfangsefnið frá mörgum hliðum og tengja það við öll námsvið leikskólans. Þannig er læsi, sköpun, sjálfbærni og vísindi fléttað saman í þekkingarvef. Kennarinn skráir það sem börnin vita um viðfangsefnið og síðan leita börn og kennari að meiri þekkingu sem er skráð jafnóðum í þekkingarvefinn.

Stöðvavinna er notuð á elstu deild. Með stöðvavinnu viljum við gera börnunum kleift að dýpka þekkinguna á ákveðnum sviðum og nýta styrkleika sína. Hún fer fram þannig að boðið er upp á þrjár stöðvar í hópstarfi og fara börnin á milli stöðva. Unnið er með bækur, sögur eða safnaheimsóknir. Stöðvarnar eru læsistöð, listastöð og stærðfræði og náttúrufræðistöð.

Val

Val eru stundir í dagskipulagi þar sem börnunum gefst tækifæri til að velja sér viðfangsefni í frjálsa leiknum. Val á að stuðla að sjálfræði og sjálfstæði barnanna. Börnin geta valið svæði á deildinni þar sem ýmislegt leikefni er í boði. Barnið á að geta haft áhrif á hvaða leiksvæði, leikfélag og efnivið það leikur með. Þau svæði sem eru oftast í boði eru listasmíðja, heimastofa, hlutverkaherbergi, hvíldarherbergi. Markmið með valinu er að: að þau fái frelsi til að velja sér leikefni, leikfélaga og leikvæði, kynnist mismunandi efnivið og leiki saman í aldursblönduðum hópum.

3.5 Námsumhverfi

Hver deild innan aðalbyggingar í leikskólanum Hlíðarbergi hefur á að skipa þrem leikstofum, listasmíðju og snyrtingu. Í húsinu er einnig að finna sal- Lækurinn, sérkennsluherbergi- Urriðakot, undirbúningsherbergi-Tjörnin, skrifstofu leikskólastjóra-Hamarinn, setustofu-Setberg og snyrtingu starfsmanna-Mosahlíð, eldhús- Hádegisholt og þvottahús- Lækjarbotnar. Heiti á herbergjum kemur frá ornefnum í nágrenninu. Tröllahlíð hefur á að skipa tveim lausum kennslustofum með listasmíðju, fataklefa, snyrtingu og eldhúsaðstöðu, einnig sér útisvæði.

Skipulag, hönnun og nýting námsumhverfisins endurspeglar þau viðhorf og gildi sem liggja að baki leikskólastarfinu. Við lítum á umhverfi leikskólans sem þriðja kennarann ásamt leikskólakennaranum og barnahópnum. Skipulag og búnaður í leikskólanum þarf að örva leik barna, frumkvæði þeirra og virkni. Stefnt er að skapa börnunum umhverfi sem kallar fram áhuga þeirra og hæfni og eykur þátttöku þeirra í starfi. Við viljum skapa börnunum umhverfi sem örvar þroska þeirra með fjölbreyttum og skapandi efnivið sem býður upp á fleiri en einn möguleika, þar sem barnið sjálft stýrir leiknum en ekki leikföngin eða efniviðurinn. Kennarinn hefur það hlutverk að skapa fjölbreytilegt leikumhverfi og bjóða upp á efnivið sem vekur forvitni og ýtir undir ímyndunarafli.

Á Hlíðarbergi notum við mikið skapandi opin efnivið og endurnýtanlegan. Skapandi efniviður getur haft margs konar notagildi. Dæmi um skapandi efnivið eru kubbar, sandur, máling, pappír, búningar ofl. og allskonar endurnýtanlegur efniviður t.d. umbúðir s.s. pappír, plast og járnóðisir.

Útisvæði er stórt og býður upp á margs konar hreyfingu og leiki. Leiksvæði yngstu barnanna er með stórum sandkassa með klifrugrind í, lítilli rennibraut og rólu. **Skógurinn** er trjágöng með malbikuðum stíg sem hægt er að hjóla eftir, **Túnið** er í miðju garðsins meðfram hólnum sem býður upp á útsýni til allra átta, **Hafið** er þar sem báturinn er með landgangi og **Fjallið** er við hlið kastalans.


Leiktæki í garðinum eru vegasalt, rólur, klifrugrind, sandkassi, kastali og gormatæki. Á elstu deildinni er sér garður með sandkassa, klifrugrind, rólum og sparkvelli. Þar er líka tréþallur sem útgengt er á úr listasmiðju og býður líka upp á að sitja á pöllum í hálfhring, frábær fyrir söngstundir og leiksýningar. Á útileiksvæðum notum við plastfötur og brúsa og annan efnivið sem til fellur úr eldhúsi. Einnig gamla potta og pönnur ásamt dekkjum og trjábútum og greinum. Snjór, vatn og pollar er líka efni sem býður upp á endalaus leiki og af því fáum við oftast nóg frá náttúrunnar hendi. Börn kanna og skilja umhverfi sitt á margbreytilegan hátt og umhverfi leikskólans býður upp á skemmtilegar ferðir í göngufæri t.d. að læknum sem liðast gegnum hverfið, niður á læk að skoða fuglalífið, upp á Hamar, út í Stekkjarhraun sem er friðlýst svæði í miðju hverfisins, upp á Setbergshæðina og í skógræktin í Gráhelluhrauni þar sem útikennslustofa er staðsett í skógarjaðrinum.

4 Grunnþættir menntunar

Grunnþættir menntunar snúast um læsi á samfélag, menningu, umhverfi og náttúru þannig að börn læri að byggja sig upp andlega og líkamlega, að bjarga sér í samfélaginu og vinna með öðrum. Þeir snúast líka um framtíðarsýn, getu og vilja til að hafa áhrif og taka virkan þátt í að viðhalda samfélagi sínu, breyta því og þróa það. **Læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun** eiga sér stoð, hver með sínum hætti í löggjöf fyrir leikskóla, ákvæði um menntun og fræðslu í skólakerfinu, stefnu stjórnvalda, stefnu alþjóðlegra stofnana og alþjóðlegra samninga sem Ísland er að aðili að. Þegar stefnan var mörkuð var haft til hliðsjónar hugmyndir meðal annars um fagmennsku leikskólakennara og reynslu úr þróunarstarfi í leikskólum landsins. Hugmyndin að grunnþáttunum er sú að þeir eiga að endurspeglast í starfsháttum leikskólanna, þekkingu og leikni sem börnin afla sér sem og að vera sýnilegir í leikskólastarfinu (Aðalnámskrá bls. 14).

4.1 Jafnrétti

Markmið jafnréttismenntunar er að skapa tækifæri fyrir alla til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og lifa ábyrgu lífi í frjálsu samfélagi í anda skilnings, friðar, umburðarlyndis, víðsýnis og jafnréttis. Jafnrétti er regnhlífarhugtak sem nær til margra þátta. Hér á eftir er upptalning nokkurra þeirra í stafrófsröð: Aldur, búseta, fötlun, kyn, kynhneigð, litarháttur, lífsskoðanir, menning, stétt, trúarbrögð, tungumál, ætterni og þjóðerni. Á öllum skólastigum á að fara fram menntun til jafnréttis þar sem fjallað er um hvernig ofangreindir þættir geta skapað mismunun eða forréttindi í lífi fólks. Áherslu ber að leggja á að drengir og stúlkur eigi sem víðtækasta og jafnasta möguleika. Hvergi í skólastarfinu, í inntaki né starfsháttum, ættu að vera hindranir í vegi hvors kynsins. Í grunnþættinum jafnrétti er lögð áhersla á að fram fari nám um menningu, þjóðerni, tungumál, trúarbrögð og lífsskoðanir og með jafnrétti er einnig lögð áhersla á félagslegan skilning á því hvað felst í fötlun. Áskoranir fólks með fötlun eiga ekki síður rætur í umhverfinu en í skerðingu einstaklings. Leggja skal áherslu á skóla án aðgreiningar í öllu leikskólastarfinu. (Aðalnámskrá bls. 19).



4.1.1 Jafnrétti í leikskólastarfi

Með jafnréttismenntun í leikskólanum viljum við stuðla að jöfnum möguleikum og tækifærum kynjanna til náms og þroska. Við viljum að komið sé fram við börn, foreldra og starfsfólk af virðingu. Við viljum að tekið sé vel og á jafnræðisgrundvelli á móti báðum kynjum. Við viljum að bæði kynin eigi sama rétt og sömu möguleika í leik og starfi. Við fögnum fjölbreytileikanum og virðum mismunandi skoðanir og bakgrunn. Með skóla án aðgreiningar viljum við koma til móts við börn með ólíkar þarfir og getu. Við viljum að börnin fái verkefni við hæfi. Að börnin hafi aðgang að efnivið sem höfðar til beggja kynja. Að réttlætis og jafnræðis sé gætt í samskiptum og að jákvæð umræða sé um bæði

kynin. Einnig verður haft í huga mögulegum kynjamun við öflun og úrvinnslu gagna. (Aðalnámskrá bls. 19-20).

Börn fái að hafa áhrif á hvað þau vinna með eftir getu og áhugasviði. Í vali geta þau valið leikefni, leikfélag og svæði. Börnum er gefin kostur á fjölbreyttum kennsluaðferðum, könnunarleik, könnunaraðferð og stöðvavinnu. Unnið er með ferilmöppur og uppeldisfræðilega skráningu til að auðvelda umræður um nám barnsins og gefa því möguleika á að velja hvað fer í möppuna og ræða um reynslu sína. Í hópastarfi fer fram fræðsla um lýðræði og mannréttindi. Barnasáttmálinn er ræddur og er myndræn útgáfa af honum í hæð barnanna sem aftur skapar umræðu milli foreldris og barns. Leikskólinn býður upp á efnivið sem hefur marga sköpunarmöguleika án tillits til kynferðis. Þau námsgögn sem keypt eru hæfi börnum í nám og leik óháð kynferði. Reynt er að skoða með gagnrýnum augum bækur sem sýna staðlaðar kynjamyndir eða misumnun kynjanna og vekja athygli barnanna á því með umræðum. Við lesum fjölbreyttar bækur til að efla vitund barnanna um margbreytileika lífsins. Við hengjum upp fána barnanna af erlendum uppruna í andyrinu til að vekja athygli á fjölbreytileika. Sérkennslan fer oftast fram í hópi barna og þess gætt að þau börn sem njóta sérkennslu einangrist ekki frá barnahópnum. Við gætum sérstaklega að börnum af erlendu bergi og fötluðum börnum, varðandi jafnrétti og jafnræði vegna þeirra hindrana sem tungumálið og fötlun geta verið.

Reynt er að stuðla að jafnrétti í foreldrasamstarfi með því að ýta undir að báðir foreldrar taki þátt í samstarfi við leikskólann. Við viljum eiga góð samskipti við báða foreldra. Við leggjum áherslu á góðar bakgrunnsupplýsingar þegar barn hefur leikskólagöngu svo hægt sé að taka tillit til sérstakra aðstæðna barns ef þarf. Lögð verður áhersla á að feður jafnt sem mæður fá upplýsingar þegar komið er með barn í leikskólann. Boðið er upp á túlk í viðtölum fyrir foreldra með annað móðurmál. Foreldrum er boðið að taka þátt í hinum ýmsu viðburðum í leikskólastarfinu s.s. bóndadegi, konudegi, foreldrakaffi, aðventukaffi o.s.frv. stundum saman og stundum sitt í hvoru lagi. Allar upplýsingar sem fara heim á tölvutækuformi s.s. fréttabréf og aðrar tilkynningar sé sent á báða foreldra. Við beinum samskiptum okkar til jafns við feður og mæður. Haft verður samband jafnt við feður sem mæður þegar veikindi koma upp í leikskólanum.

4.2 Læsi

Læsi snýst um samkomulag manna um málnotkun og merkingu orða í málsamfélagi og er því félagslegt í eðli sínu. Það er háð hefð og er því ekki færni sem einstaklingar geta öðlast og beitt óháð stað og stund, menningu og gildum. Meginmarkmið læsis er að börn séu virkir þátttakendur í að umskapa og umskrifa heiminn með því að skapa eigin merkingu og bregðast á persónulegan og skapandi hátt við því sem þeir lesa með hjálp þeirra miðla og tækni sem völ er á. (Aðalnámskrá bls. 14).



4.2.1 Læsi í leikskólastarfi

Samskipti og læsi hafa mikil áhrif um hvernig barni gengur í námi. Barnið þarf að geta átt í samskiptum við aðra, það þarf að geta tjáð sig og komið líðan sinni, þörfum og skoðunum sínum á framfæri og notað til þess mismunandi aðferðir efivið og tækni. Læsi í víðum skilningi er ýmis konar þekking og færni sem nauðsynleg er í samfélaginu og felur í sér að vera læs á t.d. samfélag, umhverfi og menningu. Barnið þarf að geta sett sig í spor annara og læra smám saman að virða skoðanir og hugmyndir annarra. Börn þurfa að öðlast skilning á að ritað mál og tákni hafa merkingu. Markviss vinna með grunnþætti læsis sem eru orðaforði, hljóðkerfisvitund, bókstafþekking, hlustunarskilning, máltjáningu, og viðhorf til læsis. Notast er við skimanir á málþroska sem undanfara læsis m.a. orðaskil sem foreldrar allra 3 ára barna í leikskólanum svara og að nota niðurstöður úr Hljóm-2 prófinu auk upplýsinga frá heilsugæslu úr 2,5 ára skoðun og 4,5 ára skoðun.

Skráðar eru framfarir barns í málþroska með fjölbreyttum hætti. Niðurstöðum skimana er alltaf skilað til foreldra þannig má auka þekkingu foreldra á málþroska og læsi og fá þá til samvinnu í læsináminu. Tungumálið er mikilvægasta tæki mannsins til boðskipta. Með tungumálinu tjá menn hugsanir sínar, tilfinningar og skoðanir. Í frumbersku er lagður grundvöllur að málþroska barna. Sameiginlegt tungumál tengir fólk saman og eflir samkennd þess. Í leikskóla ber að skapa umhverfi sem hvetur börn til samræðna, áhuga á texta og tengingu hans við talmálið. Starfsmenn leggja orð á athafnir jafnóðum og eru þannig mikilvægar málfyrirmyndir barnanna. Leikurinn er góður til málörvunar. Þar fá börnin tækifæri til að tjá sig, nota málið til samskipta og tækifæri til að setja sig í spor annarra. Mál er okkar helsta tæki til samskipta. Málþroski er ein helsta undirstaða góðra samskipta og læsis. Málþroski er mikilvægur undanfari lesskilning og lesskilningur er lykil að námi

Í leikskóla er lagður grunnur að lestrarfærni barna. Bernskulæsi er sú færni eða þekking sem börn hafa afluð sér um ritmál áður en þau læra inn á táknerfið sem lestur byggist á. Þekking sem þau aflu sér að mestu úr umhverfinu og í gegnum samskipti við aðra án þess að um beina lestrarkennslu sé að ræða. Þau læra um tilgang og notagildi ritmáls, áhugi á stöfum vaknar og þau gera tilraunir með lestur og ritun. Bernskulæsi tekur til skilnings á læsitengdum hugtökum og hefðbundinna læsisþátta s.s hljóðkerfisvitund, bókstafþekkingu, orðaforðamálskilning og ritun. Það þarf að haldast í hendur við áhuga barnanna, gleði yfir viðfangsefninu og trú þess á eigin getu. Í leikskólanum eiga bækur að vera aðgengilegar og mikið lesið fyrir börnin í samverustundum og daglegu starfi. Efniviður til að skrifa og teikna sé aðgengilegur og börnin fá að skrifa og teikna að vild. Hugað sé að sérstöðu tvítyngdra barna og þau fái sérstaka örvun. Snemmtæk íhlutun er beitt ef um frávik í málþroska er að ræða og aðgerðabundin áætlun/ einstaklingsnámskrá unnin í samvinnu við foreldra. Aukin verður vitund starfsfólks og foreldra um mikilvægi málþroska sem undanfara lesturs.

Efniviður til málörvunar verður aðgengilegur öllu starfsfólki og því kennt að nýta hann. Bætt verður aðgengi að bókum með flokkun eftir málþáttum. Tekið verður þátt í lestrarhvetjandi verkefnum í samstarfi við foreldra og nærsamfélag.

4.3 Heilbrigði og velferð

Heilbrigði byggist á andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan. Allt leikskólastarf þarf að efla heilbrigði og stuðla markvisst að velferð og vellíðan enda verja börn stórum hluta dagsins í leikskóla. Í leikskólum þarf að skapa jákvæðan skólabrag og heilsueflandi umhverfi þar sem markvisst er hlúð að þroska og heilbrigði frá ýmsum hliðum. Helstu þættir heilbrigðis sem leggja þarf áherslu á eru: jákvæð sjálfsmýnd, hreyfing, ögrandi og krefjandi útivist, næring, slökun og hvíld, andleg vellíðan, jákvæð samskipti, öryggi, hreinlæti og skilningur á eigin tilfinningum og annarra. (Aðalnámskrá bls. 21).


4.3.1 Heilbrigði og velferð í leikskólastarfinu

Þegar grannt er skoðað eru hugtökin heilbrigði og vellíðan margslungin. Heilbrigði snýst ekki bara um baráttuna við sjúkdóma og heilsubrest heldur líka um andlega, líkamlega og félagslega líðan (WHO, 1946). Áhrifaþættir heilbrigðis ráðast af flóknu samspili einstaklings við umhverfi sitt, félagslegrar og efnahagslegrar stöðu einstaklingsins.

Allt leikskólastarf þarf að stuðla að heilbrigði, velferð og vellíðan. Leikskólinn getur ýtt undir heilbrigði og velferð með því að sinna vel þáttum eins og að eiga samleið með öðrum, geta tilheyrt hóp og að njóta viðurkenningar óháð efnahag og félagslegri stöðu. Góð samskipti er forsenda þess að öllum líði vel en börn eiga rétt á því að finna fyrir ánægju, öryggi og virðingu í samskiptum sínum í leikskólanum.

Í leikskóla þarf að skapa jákvæðan skólabrag og heilsueflandi umhverfi þar sem markvisst er hlúð að þroska og heilbrigði frá ýmsum hliðum. Því vitað er að jákvæð áhrif heilsueflandi starfs á fyrstu árum ævinnar skilar einstaklingnum miklu til framtíðar.

Helstu áhersluþættir heilbrigðis og velferðar í leikskóla eru:



4.4 Sjálfbærni

Algengasti skilningur á hugtökunum sjálfbærni og sjálfbær þróun felur í sér að við skilum umhverfinu til afkomendanna í jafngóðu eða betri ástandi en við tókum við því og við leitumst við að mæta þörfum samtíðar án þess að skerða möguleika komandi kynslóða til að mæta þörfum sínum.


Menntun til sjálfbærni miðar að því að gera fólki kleift að takast á við viðfangsefni sem lúta að samspili umhverfis, félagslegra þátta og efnahags í þróun samfélags. Í leikskólastarfi má leggja áherslu á að margt smátt gerir eitt stórt, ekki þarf að bíða eftir stóru breytingunum til að geta fagnað þeim smærri. **Umhverfið** og þar með náttúran umlykja allt mannlegt samfélag. Þannig þurfa börnin að þekkja, skilja og virða náttúruna. Í **samfélagslegu** tilliti snýst hugmyndafræðin um jöfnuð, innan kynslóðar og á milli kynslóða. Til þess að ná jöfnuði þurfum við að viðhafa lýðræðisleg vinnubrögð, hafa skilning á fjölbreytileika mannlífs og tryggja að fjölbreyttri menningu mismunandi hópa sé gert jafn hátt undir höfði. **Efnahagslegur** þáttur sjálfbærrar þróunar er nátengdur bæði umhverfis- og samfélagsþættinum. Þannig er mikilvægt að efnahagsvöxtur byggist hvorki á, né leiði til, óhóflegs ágangs á náttúruna. Í sjálfbærnimenntun felst að börn takist í námi sínu á við margvísleg álitamál og ágreiningsefni. (Aðalnámskrá bls. 17-18).

4.4.1 Sjálfbærni í leikskólastarfi

Nám í leikskóla, fræðsla og starfshættir innan leikskólans skulu fléttast saman við það viðhorf að markmið menntunar sé geta til aðgerða.

Starf Hlíðarbergs tekur mið af leikskólastarfi í anda hugmyndafræði Reggio Emilia. Samkvæmt henni er umhverfið ein af þremur stoðum námsins. Ungum börnum er eðlislægt að skoða og kanna umhverfið sitt, þau þurfa að fá tækifæri til að nota sínar leiðir til þess og um leið er þeim kennt að virða náttúruna af alúð.

Leikskólinn vill skapa börnum og kennurum tækifæri til að kynnast náttúru og umhverfi þannig að meiri skilningur verði til um hve dýrmæt hún er fyrir afkomu og lífsgæði okkar. Einnig vill leikskólinn að börn og fullorðnir þekki vel til hringrásar náttúrunnar og blæbriðga árstíðanna. Og njóti!




Mynd 1. Samspil þátta í sjálfbærri þróun.

4.5 Sköpun

Nám á sér stað þegar einstaklingur vinnur með áreiti, tengir það fyrri þekkingu og skapar nýja. Þannig er menntun í rauninni sjálfssköpun, leið upplýsts einstaklings til að verða „meira í dag en í gær“. Sköpunarþrá á sér rætur í meðfæddri forvitni, athafnaþrá og stuðlar að frumkvæði einstaklingsins. Sköpunargleði leiðir til námsáhuga þegar börn og ungmenni skynja merkingu viðfangsefnanna og gildi þeirra. Í sköpun felst að móta viðfangsefni og miðla þeim, búa til, gera eitthvað nýtt eða ódrúvísi en viðkomandi kann eða hefur gert áður. Sköpun er að uppgötva, njóta, örva forvitni og áhuga, virkja ímyndunarafli og leika sér með möguleika. Sköpun er að sjá fyrir það óorðna og framkvæma það. Þótt

sköpun í almennum skilningi sé vissulega nátengd listum og listnámi er sköpun sem grunnþáttur ekki bundin við listgreinar fremur en aðrar námsgreinar og námssvið. Sköpun sem grunnþáttur skal stuðla að ígrundun, persónulegu námi og frumkvæði í leikskólastarfi. (Aðalnámskrá bls. 22).



4.5.1 Sköpun í leikskólastarfi

Skapandi greinar skipa stærri sess í samfélaginu en áður og skapandi og gagnrýnin hugur er drifkraftur breytinga og því nauðsynlegur samfélaginu til að þróast áfram. Sköpun og menning eru taldar forsendur framfara. Við á Hlíðarbergi viljum hvetja börnin til sköpunar og notum til þess fjölbreytilegan efnivið og aðferðir. Við viljum efla ímyndunarafli barnanna með skapandi verkefnum. Stuðla að skapandi hugsun hjá börnunum, með áhuga og gleði að leiðarljósi og ýta undir og víkka hæfileika sem hvert barn býr yfir. Í sköpun séu börnin gerendur, taki afstöðu, þrói áfram hugmyndir sínar og leiti lausna. Sköpunargleðin fái að njóta sín, börnin fá að tjá sig frjálst, sjálft sköpunarferlið skiptir meira eða jafnmiklu máli og útkoman. Við viljum gefa börnunum tíma og næði til að ímyndunaraflið fara á flug og að upplifa gleðina í sköpunarferlinu þegar það fæst við það sem vekur áhuga þess. Við viljum bjóða upp á fjölbreytt og krefjandi verkefni og finna hvað kveikir áhugann og hvað skiptir börnin máli. Við viljum að efniviðurinn sem börnin hafa aðgang að sé opin þ.e. bjóði upp á sköpun en ekki eina lausn.

Sköpunarferlið samanstendur af fjórum þáttum sem eru

- rannsóknarþáttur, barn leitar að því sem vekur áhuga rannsakar möguleika og leitar leiða
- dýpkunarþáttur, barnið gerir tilraunir með efni, aðferðir, hugmyndir og uppgötvar nýja fleti
- samhengisþáttur, barnið finnur tengingar og fyrirmyndir til að ná betri tökum á verkefninu
- umræðuþáttur, barnið veltir fyrir sér niðurstöðum og ræðir verk sín við aðra t.d. með frásögn af eigin verkum fyrir framan hóp.

Í leikskóla er lögð áhersla á að börnin fái að tjá sig á skapandi hátt með frásögnum, myndlist, hreyfingu, tónlist og leiklist t.d. í hópastarfi, samverustundum, söngfundum og með því að gera verk barnanna sýnileg. Börn fái að koma fram og sýna og kynna og segja frá eigin verkum.

Hlutverk kennarans er að vera samferðamaður í sköpun þekkingar, meðrannsakandi barnsins. Kennarinn þarf að grípa tækifæri sem upp koma og felast í frumkvæði og forvitni barnsins, fylgja eftir og framkvæma hugmyndir sem fæðast til að víkka reynslu og hvetja barnið til sköpunar. Finna hvar


áhugi barnanna liggur og bjóða þeim upp á verkefni sem leiða þau áfram í sköpunar og þekkingarleit sinni. Kennarinn ýtur undir forvitni, og ígrundum barnanna með opnum spurningum. Útvegar barninu efnivið til sköpunar og kynnir barninu mismunandi aðferðir og efnivið til mismunandi tjáningar og sköpunar s.s. semja sögur, syngja, dansa, ljóð, leika, teikna, mála og nýta nýja miðlar og tækni t.d. spjaldtölvur. Skipulag þarf að vera opið og sveigjanlegt og að barnið fái að hafa áhrif á hvernig það leysir eða vinnur verkefni. Við viljum gera verk barnanna sýnileg, nota fjölbreyttan efnivið og val um ólíkar leiðir til náms og leggjum áherslu á að nám á sér stað innan sem utan skólans s.s. í útinám og vettvangsferðum.

4.6 Lýðræði og mannréttindi



Í lýðræðisríki þurfa borgararnir að búa við mannréttindi og ráða öllum meiriháttar málum sínum sameiginlega. Forsenda lýðræðis er samábyrgð, meðvitund og virkni borgaranna sem gerir þá færa um að taka þátt í að móta samfélag sitt og hafa áhrif nær og fjær. Virðing fyrir manngildi og heilbrigði barna felur bæði í sér virðingu fyrir mannréttindum þeirra og viðurkenningu á hæfileikum þeirra og þroskamöguleikum. Leikskólum ber að rækta það viðhorf að samfélagið eigi að vera lýðræðislegt og einstaklingarnir gagnrýnir og með framtíðarsýn. Lýðræði er mikilvægt á vettvangi leikskólans. Í fyrsta

lagi þurfa leikskólar að taka mið af því að barna bíður að taka þátt í lýðræðissamfélagi og því er mikilvægt að börn læri um þess háttar samfélög. Í öðru lagi þurfa leikskólar að taka mið af því í öllum starfsháttum að borin sé virðing fyrir manngildi hvers og eins. Umhyggja fyrir fólki, dýrum, umhverfi er einnig hluti lýðræðismenntunar og á heima í öllum námsgreinum. Í ljósi þess þarf að gera ráð fyrir virku samstarfi við heimili barna og samstarfi við grenndarsamfélag innan sveitarfélags eða hverfis en slíkt samstarf er einnig einn af lykilþáttum sjálfbærni.



4.6.1 Lýðræði og mannréttindi í leikskólastarfi

Best er að börnin læri um lýðræði í lýðræði. Hugmyndafræði Reggio Emilia leggur áherslu á virðingu, jafnvægi, virkni, auðmýkt, samræður, skoðanaskipti og að kennarar séu hlustendur fremur en

fræðendur. Kennara eiga leita svara með börnunum og hvetja þau áfram í þekkingarleit sinni. Með því að hlusta á börn er hæfni þeirra viðurkennd. Skv. alþjóðasáttmálum s.s. barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna hafa börn rétt á að á þau sé hlustað. Í leikskólum er áhersla á uppeldi sem hvetur til lýðræðis og borgaravitundar. Það er mikilvægt að í leikskóla séu skoðanir barna virtar og litið á þau sem samstarfaðila. Ef börn eru höfð með í ákvarðanatöku eykur það skilning fullorðinna á lífi og reynslu barna. Þátttaka barna er skilgreind sem bein aðild barns í ákvarðanatöku um málefni er varða það eða líf þess. Aðferðir til að skoða þátttöku barna eru t.d. athuganir, viðtöl, teikningar, ljósmyndir, uppeldisfræðileg skráning og námsögur.

Gefa þarf barninu tækifæri á að vera virkur þátttakandi í daglegu lífi í leikskólanum t.d. með því að aðstoða við undirbúning og frágang matartíma og ýmis verkefni sem til falla. Val á efnivið, leikfélögum og á hvaða svæði barnið leikur eykur sjálfstæði barnsins og trú á eigin getu. Samskiptafærni eykst og barnið lærir að leysa úr ágreiningi. Með SMT er líka unnið með lýðræði og mannréttindum með því að kynna börnum að sömu reglur gilda fyrir alla. Börnin velja sér umbun með lýðræðislegum kosningum.

Foreldraráð og foreldrafélag er í virku samstarfi við leikskólann og fær foreldraráð allar skýrslur og áætlanir til umsagnar og þar með tækifæri til að koma með gagnlegar ábendingar til að bæta starfið.

5 Samþætt og skapandi leikskólastarf

Nám í leikskóla er samþætt og hríslast námsþættir inn í daglegt starf barnanna og eflir mikilvæga þroskaþætti hjá þeim. Börn læra í gegnum leik og þau læra í samstarfi við önnur börn með stuðningi og hvatningu frá hinum fullorðnu. Náms sviðin læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sköpun og menning, sjálfbærni og vísindi eru undirstaða náms barnanna í skólanum. Þau skarast mismikið en haldast þó í hendur við daglegt líf barnanna.

5.1 Læsi og samskipti



Lífsleikni byggist á alhliða þroska barns, færni þess til samskipta, rökrænni tjáningu og því að bera virðingu fyrir umhverfi sínu. Barnið þarf að geta átt í samskiptum við aðra, það þarf að geta tjáð sig og komið líðan þörfum og skoðunum sínum á framfæri og notað til þess mismunandi aðferðir s.s. í leik, með máli, myndum og sögugerð. Barnið þarf að geta sett sig í spor annara og læra smá saman að virða skoðanir og hugmyndir annarra. Barnið þarf einnig að kynnist málinu og öðlist góðan orðaforða og geti notað málið til samskipta og sköpunar og öðlast skilning á því að ritmál hefur þýðingu.

Markmið með læsi og samskiptum í Hlíðarbergi er:

- að gefa barninu rækifæri til að vinna úr reynslu sinni í leik og skapandi starfi
- að barnið læri að beita röklegru hugsun, spyrja spurninga og leita svara með margvíslegum hætti og nýta til þess margar leiðir m.a. upplýsingatækni
- að barnið auki færni sína til samskipta og leysa úr ágreiningi á friðsamlegan hátt
- að barnið virði lífsgildi, venjur og hefðir sem ríkja í leikskólanum og í samfélaginu
- að barnið sýna umburðarlyndi gagnvart ólíkum skoðunum, menningu og reynslu
- að efla málþroska barnsins
- að auka orðaforða og hugtakaskilning barnsins
- að efla hlustun og tjáningu barnsins

Leiðir:

- Unnið er með málörvun inni á öllu deildum í daglegu starfi

- leggjum orð á athafnir
- lesum fyrir börnin og segjum þeim sögur
- höfum bækur aðgengilegar börnunum
- æfum þau í að hlusta á hvert annað, koma fram og segja frá til að auka orðaforða og málskilning þeirra
- leggjum metnað okkar í að tala vandað mál, spyrja opinna spurninga sem örva gagnrýna hugsun og ígrundun og gefa börnunum tækifæri á að finna svör
- hlustum á sögur og leikrit og tónlist
- lærum söngtexta og ljóð, þulur og rím
- hvetjum börn til sjálfstæðis og að sýna tillitsemi
- hvetjum börn til að tjá tilfinningar sínar s.s. gleði, sorg, reið og hamingju með fjölbreyttum hætti, munnlega, með myndum eða skapandi starfi
- ritmálsörvandi umhverfi þar sem hlutir í umhverfinu eru merktir og hólf og sæti barnanna eru merkt nafni þeirra
- Sækjum heim ýmis söfn og menningarstofnanir
- förum í Bókasafn Setbergsskóla og Bókasafn Hafnarfjarðar

Setja inn Læsismandala

Upplýsingatækni

Tölvur eru staðsettar í leikrými barnanna á eldri deildum þar sem þær eru eðlilegur hluti leikefnis leikskólans og í tengslum við annan efnivið. Spjaldtölvur eru notaðar bæði í sérkennslu og sem hluti af efnivið leikskólans. Áhersla sé lögð á forrit sem taka mið af uppeldistefnu leikskólans og hvetja börnin til sjálfstæðra vinnubragða og að þau prófi sig sjálf, læri af mistökum og leiti lausna á eigin spýtur. Við notum tölvurnar einnig til miðlunar og sköpunar og við upplýsingaleit.

5.2 Heilbrigði og vellíðan



Á Hlíðarbergi er leitast við að skapa aðstæður til heilbrigðra lífshátta. Reynt er að taka mið af öllum þörfum barna og að öll börn fái notið styrkleika sinna. Umhyggja, virðing og jákvæð samskipti eru leiðarljós í starfinu. Leikskólakennarar eiga að leggja sig fram við að mynda góð og traust tengsl við börnin. Búa þarf börnum aðstæður í leikskólanum svo þau geti tileinkað sér heilbrigða lífshætti sem fylgja þeim áfram í lífnum. Leikskóladagurinn þarf að stuðla að heilbrigði og vellíðan barna til þess að svo

sé þarf hann að skiptast á krefjandi, ögrandi athafnir og rólegri stunda þar sem færi gefst til slökunar og hvíldar. Barnahópar eru hafðir minni eftir aldri til að forðast álag á ung börn af því að umgangst of marga einstaklinga. Við vinnum álagsmat með öryggisnefnd og umbótaáætlun í kjölfarið sem snýr bæði að börnum og starfsfólki. Umbótaáætlun er komið er til framkvæmdasviðs og Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar til eftirfylgni og úrbóta.

Á Hlíðarbergi birtast áherslupættir heilbrigðis og vellíðan í eftirtöldum þáttum

Hreyfing

- Hver deild hefur a.m.k. tvisvar sinnum í viku aðgang að rúmgóðum sal leikskólans og getur þá boðið börnunum upp á frjálsa hreyfingu eða skipulagða hreyfingu þar sem unnið er markvisst að eflingu á aldurstengdum færniþáttum hreyfingar.

	<ul style="list-style-type: none"> • Elstu börnin fara einu sinni í viku í íþróttasal Setbergsskóla og fá þar tækifæri til að hreyfa sig í stærra rými en leikskólinn býður upp á. Stundirnar í íþróttasal grunnskólans eru liður í samfellu milli leik-og grunnskóla.
Útivist	<ul style="list-style-type: none"> • Er mikilvægur hluti leikskólastarf jafnt sumar sem vetur. Útivera er börnum holl og eflir úthald, eykur mótstöðuafli og matarlyst og býður upp á fjölbreytta hreyfingu. • Farið er út með börnunum að jafnaði einu sinni á dag annaðhvort fyrir eða eftir hádegi þegar veður og aðstæður leyfa. Í útiverunni hafa börnin tækifæri á að hreyfa sig frjálst og í fjölbreyttu og ögrandi umhverfi. • Það að klæða sig úr og í athuga veðurfar eflir sjálfshjálpi og gefur ótal möguleika til máltjóningar. • Reglulega er farið í gönguferðir um nærumhverfi leikskólans og einnig er farið í lengri ferðir allt eftir getu hvers aldurshóps. • Skógarferðir
Næring	<ul style="list-style-type: none"> • Matreitt er í leikskólanum. Þrjár máltíðir eru í boði yfir daginn auk ávaxtatíma. • Þess er gætt að ekki líði meir en 3 tímar á milli máltíða. • Tekið er tillit til ráðlegginga frá Lýðheilsustöð um æskilegt mataræði. • Lögð er áhersla á fjölbreytt matvæli úr öllum fæðuflokkum. • Notað er ferskt hráefni frekar en unnið. • Hráefni unnið sem mest frá grunni í leikskólanum • Lýsi er í boði með morgunmat. • Drykkjarvatn er aðgengilegt. • Mjólk í boði á hverjum degi 1-2 glös a.m.k. • Fiskur er tvisvar í viku. <ul style="list-style-type: none"> • Gróft kornmeti notað • Grænmeti og ávextir eru í boði daglega. • Sykruðum mat stillt í hóf. <p>Í matartímum er lögð áhersla á rólegt andrúmsloft, það skiptir miklu máli fyrir líðan og heilsu ekki síður en maturinn. Börnin aðstoða við undirbúning leggja á borð og ná í matinn í eldhúsið. Starfsfólk situr til borðs með börnunum og ræðir á jákvæðan hátt um næringu og hollustu. Haft er í huga að borða saman er félagslega athöfn sem stuðlar að samkennd. Matarlát eru á borðum og börnin skammta sér með aðstoð kennara eftir því sem þau hafa getu til. Lögð er áhersla á að kenna hófsemi. Ís er í boði í kveðjuveislumog ávextir í afmælum. Börn með ofnæmi eða óþol skila læknisvottorði þar um og er þá matreitt sér fæði fyrir þau.</p>
Hvíld og slökun	<ul style="list-style-type: none"> • Á löngum og erilsömum leikskóladegi er nauðsynlegt að staldra við og undirbúa sig fyrir krefjandi verkefni dagsins. Til þess er hvíldatími að loknum hádegismat, hann er skipulagður eftir þörfum hvers einstaklings/aldurshóps fyrir sig til að tryggja hverju barni tækifæri og næði til að hvílast og safna kröftum fyrir það sem eftir er dagsins
Öryggi	<ul style="list-style-type: none"> • Til að skapa öryggiskennnd hjá börnunum er áhersla lögð á góðan tíma í aðlögun, lykilpersóna þ.e. einn starfsmaður sér um móttöku og aðlögun barnsins fyrstu vikur leikskólagöngunnar. • Dagskipulag út frá aldri barnanna • Sjónræn dagskipulag svo börnin geti fylgst með hvernig dagurinn gengur fyrir sig. • Allur búnaður og leikefni er valið með tilliti til öryggis barna.

	<ul style="list-style-type: none"> • Starfsmenn leikskólans fara reglulega á slysavarna námskeið.
Umhyggja	<ul style="list-style-type: none"> • Setja sig í spor annarra, viðurkenna einstaklingsmun • Kindness curriculum ath
Hreinlæti	<ul style="list-style-type: none"> • Handþvottur fyrir mat og eftir salernisferðir. • Fræðsla um tannvernd í tannverndarviku • Að ganga frá eftir sig og ganga snyrtilega um leikskólann • Starfsfólk notar spritt á hendur og bleiuborð til sótthreinsunar
Samkennd	<ul style="list-style-type: none"> • Að auka færni sína til samskipta • Að hvetja börn til að tjá tilfinningar sínar s.s. gleði, sorg, reið og hamingju • Taka þátt í þakkajól, fatasöfnun o.fl
Jákvæð sjálfmynd	<ul style="list-style-type: none"> • Að þekkja sinn innri mann og styrkja sjálfstraust sitt • horfa á styrkleika frekar en veikleika.

Leikskólastarf er margþætt sjálfbærni fléttast inn í og tengir saman ýmsa þætti starfsins og einn þeirra er lýðheilsa. Lýðheilsa er hluti af sjálfbærni, hún felur í sér að hverjum einstaklingi er kenndar leiðir til að geta borið ábyrgð á sjálfum sér og sinni heilsu. (Aðalnámskrá bls. xx).

5.3 Sjálfbærni og vísindi



Það er manninum mikilvægt að þekkja náttúruna þar sem lífsafkoma okkar er henni háð. Við viljum opna augu barnsins fyrir nánasta umhverfi sínu og að barnið upplifi náttúruna af eigin raun og læri að njóta allra blæbrigða hennar sér til yndisauka. Í starfi okkar leggjum við okkur fram um að auka vitund barnsins um náttúruna, veki ábyrgðarkennd fyrir henni og virðingu. Vísindi vekja áhuga barns á ... vistspor áhrif manns á náttúruna

Markmið menntunar til sjálfbærni og vísinda er að:

- að börnin fái tækifæri til þess að skoða og rannsaka sitt nánasta umhverfi
- að börn læri að bera virðingu fyrir náttúrunni, umhverfi sínu og þeim dýrum og plöntum sem þar þrífast.
- að efla vitund barna fyrir umhverfisvernd og flokkun sorps
- vekja áhuga barnanna á eðli og kröftum náttúrunnar
- börn og kennarar öðlist jákvætt viðhorf til heilbrigðra lífshátta og lífsviðhorfs í samvinnu við heimili.
- Að börn og kennarar þekki, skilji og virði náttúruna.
- Að börn og kennarar temji sér hófsemi.
- Lífslöng menntun.
- Hringrásir náttúrunnar.
- Samþætt viðfangsefni.

Mikilvægt sé að viðhafa góðar neysluvenjur og gæta hófsemi í notkun hluta og efna.

Eftirtaldar leiðir eru lýsandi fyrir starfi í anda sjálfbærni og vísinda á Hlíðarbergi.	
Að gæta hófs í notkun efna	Viðhafa góðar neysluvenjur og átta sig á auðlindum og nýtingu náttúrunar og þar með vistsporunum okkar
Taka þátt í Græn fána verkefninu,	Stuðla að ábyrgðarkennd og vernd náttúru
Skapandi endurnýtanlegur efniviður	Að endurnota hluti til leiks og náms og sköpunar barnanna. Efniviður sem fellur til í daglegu starfi leikskólans , dósir, pappír, umbúðir, hólkar.
Útinám	Læra um hringrás náttúrunnar, umgegni við náttúru og dýr. Stuðla að ábyrðakennd gagnvart náttúru.
Vettvangsferðir	Skoða, sjá, kanna ýmis fyrirbæri í umhverfinu. Átta sig á fjarlægðum og áttum
Könnunarleikur	Kanna, rannsaka, leita lausna með opinn efnivið sem annars flokkast sem úrgangur skoða eiginleika efna og hluta
Könnunaraðferð	Kanna, fræðast á eigin forsendum, lýðræðisleg vinnubrögð, samvinna, leita lausna
Stöðvavinna	Vinna með tölur, tákni og mynstur. Tilraunir með ýmis efni. Skoða lífverur í umhverfinu og lífshætti þeirra.
Fylgst með ástíðabundnum breytingum í náttúrunni	Hringrás náttúrunnar og átta sig á ýmsum kröftum í náttúrunni
Hvíld barna	Þjóða upp á tækifæri og næði til að hvílast
Matur	Farið eftir leiðbeiningum frá landlækni, nota innlend matvæli, unnið sem mest frá grunni í leikskólanum
Umhyggja	Að njóta og sýna öðrum umhyggju
Umhverfisvæn innkaup	Umhverfisverndarsjónarmið.- Grænfáninn.

- tökum þátt í "Degi umhverfisins" þá er umhverfi leikskólans jafnt innan sem utan lóðar hreinsað.

5.4 Sköpun og menning



Myndsköpun, tónlist og leiklist eru mikilvægir tjáningarmiðlar og börn hafa ríka þörf fyrir að tjá sig á fjölbreyttan hátt. Við á Hlíðarbergi gefum börnum rými og tíma til þess að skapa og vinna með margvíslegan efnivið og á margvíslegan hátt. Sköpun og tjáning í leik, myndlist, dansi og leikrænn tjáning. Með mismunandi aðferðum t.d. könnunarleik, könnunaraðferð og stöðvavinnu. Mismunandi aðferðir eftir aldri og þroska er ætlað að mynda samfellu og heild. Mynd- og listsköpun eflir sjálfstraust barnsins. Frjáls myndsköpun tekur fyrst og fremst mið af því þroskaskleiði sem barnið er statt á hverju sinni. Við nálgumst viðfangsefnið sköpun og menning í gegnum leik úti og inni, með ferðum út í náttúruna og heimsóknum í ýmsar menningastofnanir, söfn og vinnustaði. Við viljum að börnin fá að njóta fjölbreyttrar menningar og listar. Við tökum virkan þátt í að móta menningu leikskólans með hátíðum og viðburðum sem tengjast menningu.

Börnin fá að túlka og deila með öðrum, njóta samvista og koma fram sýna og kynna verk sín í samverustundum og á söngfundum. Við gerum verk barnanna sýnileg með því að hengja þau upp á vegg, gerum myndaskráningar og gerum þannig vinnu og sköpun barnanna sýnileg

Markmið með sköpun og menningu í leikskólanum Hlíðarbergi er

- að gefa börnunum tækifæri á að fá útrás fyrir sköpunargleði sína í leik og skapandi starfi
- að stuðla að jákvæðri sjálfsmýnd barnsins
- að efla félagsþroska og samskipti barna
- að barn leiti lausna
- að barn læri að bera virðingu fyrir eigin verkum og hugmyndum sem og annarra
- að hvetja börnin til listrænnar tjáningar t.d með myndlist, tónlist, leiklist
- að kynna fyrir börnunum menningararf íslensks þjóðlífs, hátíðir og hefðir
- að efla virðingu fyrir mismunandi menningu
- að njóta með barninu mismunandi listgreina t.d. myndsköpun, tónlist, leiklist
- að hvetja barnið til að tjá sig um verk sín

Þær leiðir sem farið er að þessum markmiðum eru margar og sú mikilvægasta er að sjálfsgöðu leikurinn sem er í lykilhlutverki í leikskólanum. Aðrar eru opin skapandi efniviður, könnunarleikur, könnunaraðferð, stöðvavinnu, útikennsla og vettvangsferðir og þátttaka í viðburðum.

Leiðir	
Leikurinn	úti sem inni felur í sér sköpun, í hlutverkaleik, nota börnin ímyndunaraflíð og setja sig í hlutverk og skapa persónur. Ímyndunaraflinu er gefin laus taumurinn og mikil samskipti eiga sér stað, börnin taka áhættu og leita lausna. Börn læra að skilja umhverfi í gegnum leik og vinna úr reynslu sinni. Jákvæðni kennarans gagnvart leik barns með því að samþykkja hugmyndir barnsins ýtir undir sköpun og flæði. Gæt að því að gefa leiknum tíma og rými í dagskipulagi. Það þarf að

	<p>hafa í boði fjölbreyttan og aðgengilegan efnivið til listsköpunar, hafa áhöld og verkfæri sem henta hverjum aldurhóps.s.ýmsir búningar í boði í vali/frjálsum leik til að ýta undir sköpun og spuna.</p>
Opin skapandi efniviður	<p>Opin efniviður er með fleiri en einn notkunarmöguleika og ímyndurafl barnsins ákveður notkunarmöguleika. Börnin hafa aðgang að opnum skapandi efnivið sem þau geta gengið að til að vinna úr hugmyndum sínum, t.d. mála, lita, klippa, teikna og kubbar ýmiskonar. Endurvinnanlegur efniviður er aðgengilegur s.s umbúðir, pappír, plastlát og tré, sandur. Einnig er boðið upp á búningar og notaðan fatnað í hlutverkaleik.</p> <ul style="list-style-type: none"> • safna efnivið og hugmyndum í vettvangsferðum og vinna úr í leikskólanum • vinna úr verðlausu efni og endurnýta hluti • búa til hljóðfæri og spila á þau, vera með uppákomu í sal • Efniviður s.s. tölvur, teikniforrit, kubbar af ýmsum gerðum • myndvarpi til að leika með ljós og skugga liti • Hlustum á og dönsum við mismunandi tónlist, frá mismunandi menningarsvæðum og heimshornum. • Miðla menningu og listum með lestri barnabóka t.d. eru myndir í barnabókum oft fyrstu kynni barna af myndlist. • hlusta á fjölbreytta tónlist í hópastarfi, í hvíld og við daglega iðju
Könnunarleikur	<p>Könnunarleikurinn er kennsluáðferð sem notuð er á yngri deildum leikskólans. Börn rannsaka og uppgötva upp á eigin spýtur og áhersla er á ferlið fremur en staðreyndir og lausnir. Leikefnið er verðlaus efniviður s.s dósir, skeljar, gardínuhringir, klemmur, hólkar o.fl. Þar fá börnin tækifæri til að nota efniviðinn á skapandi hátt. Könnunarleikur að kanna og að setja hluti í samhengi. Rækta ímyndunarafl í leik. Áhugi, forvitni og athygli barnsins leiðir það áfram eftir leit lausna og efla samvinnu meðal barnanna. Með könnunarleik erum við að leggja grunn að rannsakandi hugarfari hjá barninu.</p>
Könnunaraðferð	<p>Út frá hugmyndafræði Reggio Emilia skólanna hefur þróast aðferð sem kölluð er Könnunaraðferðin. Hún gengur út á að áhugi barna á viðfangsefni sé rannsakaður ítarlega og á þeirra forsendum. Mikið er lagt upp úr virkni barnanna og þau hvött til að hugsa og ígrunda. byggist á sköpun og hugmyndum barnanna Markmiðið er að þroska tilfinninga-siðfræðilega og fagurfræðilega þætti og að efla áhuga á félagslegu og menningarlegu umhverfi sínu. Búum til þekkingarvef og fara í vettvangsferðir og vinna úr upplifun með listgreinum.</p> <ul style="list-style-type: none"> • skrá áhugasvið barnanna og koma þannig auga á spennandi verkefni • að gefa börnunum tækifæri til að tjá sig fyrir framan barnahópinn.
Stöðvavinna	<p>Á Tröllahlíð er lögð áhersla á að tengja sköpun og læsi út frá því viðfangsefni sem verið er að fást við og tengt þeim bókum sem lesnar eru á málstöðinni eða vettvangsferðum sem farnar eru. Sagan er skoðað út frá ýmsum sjónarhornum. Útvíkka og dýpka þekkingu barnsins með verkefnum, tengja þau við aðra námsþætti með listastöð þar sem unnin eru verk tengt bókinni/ferðinni og stærðfræði og náttúrustöð sem tengir vinnuna einnig sögunni/ferðinni. Stöðvavinna dýpkar þekkingu um ákveðin efni eða þemu.</p>

<p>Útikennsla</p>	<p>Nám barnsins er ekki bundið við skólann heldur fer líka fram út í gönguferðum í náttúrunni. Að vekja athygli barnanna á umhverfinu. Þar felur upplifun barnanna af umhverfinu í sér sköpun. Börnin vinna áfram með hugmyndir og innblástur úr ferðunum í leikskólanum. Í vettvangsferðum er stundum unnin listaverk úr þeim efnivið sem finnst á staðnum t.d. krummahreiður og teknar ljósmyndir af verkinu til minningar. Þegar sólin er lágt á lofti og búa til skugga, fylgjast með gróðrinum á veturna þegar hann skiptir litum og vorin þegar fer að grænka</p> <p>Yngri deildir-Farið er með fá börn í ferðir t.d. stutta gönguferð í nágrenni leikskólans. T.d. Í stekkjahraun</p> <p>Mið og elsta deild fara í skóginn í Gráhelluhrauni</p> <p>Á öllum deildum er útivæði notað daglega og skólalóð Setbergsskóla og fara niður að læk og upp í Setbergshæðina. Nota stafræna smásjá skoða smádýr og plöntur og annað sem vekur áhuga barnanna.</p>
<p>Vettvangsferðir</p>	<p>Við sækjum hugmyndir, fróðleik og innblástur og kveikjur til safna, menningar, fyrirtækja og vettvangsferða. Farið er með börnin í styttri og lengri náms- og kynnisferðir í almenn söfn og menningarstofnanir s.s. Bókasafn Hafnarfjarðar, Árbæjarsafn og Þjóðminjasafn. Í desember fara elstu börn leikskólans í Hafnarborg og taka þátt í dagskrá er nefnist "Syngjandi jól". Farið er í Skógrækt Hafnarfjarðar og sótt jólatré í desember. Lögreglan kemur á hverju vori og er með umferðarfræðslu. Yngri deildir fara og skreyta jólaþorp á Thorsplani og fara í fjöruferð að vori.</p> <p>Mið deildir fara í skógrækt að velja jólatré og á Þjóðminjasafn á sýninguna Þjóð verður til sem ætluð er 4 ára börnum. Fara í gönguferðir upp á Hamar og Hellisgerði.</p> <p>Elsta deild fer mikið í ferðir á listasöfn t.d Hafnarborg, Gerðarsafn, Listasafn Íslands, Þjóðminjasafnið, Árbæjarsafn, Safn Ásmundar Sveinssonar. Elstu börn hafa kynnt sér starfsemi slökkviliðsins og lært neyðarnúmerið 112. Þau yfirfara brunavarnir mánaðarlega með samstarfsverkefni sem heitir Logi og Glóð og er í samstarfi við slökkviliðið.</p> <p>Elstu börnin enda svo á því að fara í útskriftarferð í Vatnaskóg í maí. Í samstarfi við Sundfélag Hafnarfjarðar hefur verið boðið upp á sundnámskeið í júní og er það val foreldra.</p>
<p>Þátttaka í viðburðum</p>	<p>Uppruni og uppeldisskilyrði barna eru mismunandi. Mikilvægt er að efla tilfinningu barnsins fyrir því samfélagi sem það tilheyrir og þeim gildum sem þar ríkja. Haldið er í mismunandi hefðir sem skapast hafa í leikskólanum s.s. jólaball, öskudag, dagur íslenskra tungu, sumarhátíð og ýmislegt fleira. Ásamt því að kynna börnunum mismunandi menningu og þann margbreytileika sem heimurinn býr yfir. Börnin taka þátt í að móta þessa menninguna með þátttöku sinn. Leikskóladagatal er gefið út að hausti með viðburðum og uppákomum sem verða á skólaárinu.</p> <ul style="list-style-type: none"> • vinna verkefni tengd hátíðum og hefðum leikskólans • sækja tónleika og/eða fá tónlistarfólk í heimsókn. • leikþættir og uppákomur æfðar ýmist í hópastarfi eða deildin í heild • Flöggum íslenska fánanum á hátíðisdögum • Afmæli barnanna þá er barnið í aðalhlutverki fær að velja hvað það býður upp á í afmælisveislu sinni á leikskólanum og kennari og börn útbúa saman. Afmælissöngurinn er sunginn og barnið fær fána við sæti sitt

- Myndlistasýningar á verkum barnanna á Björtum dögum bæjarhátíð Hafnarfjarðar
- Tónlist er ríkur þáttur í þjóðmenningu og skipar stóran sess í leikskólastarfinu, við syngjum notum hljóðfæri og sköpum tónlist okkur til ánægju og yndisauka. Sameiginleg söngstundir eru á föstudögum í sal, útbúum söngseðla og kennum börnum nýja texta og lög ásamt því að njóta þeirrar barnamenningar sem hæst ber hverju sinni.
- Fáum leiksýningar til okkar í leikskólann í boði foreldrafélags og förum í leikhús og leikum sjálf
- Samvinna við grunnskóla með gagnkvæmum heimsóknnum og syngja elstu börnin á söngskemmtun í Setbergsskóla

6 Fjölskyldan, upplýsingamiðlun og leikskólinn

Markmið með góðu samstarfi við alla er varðar leikskólastarfið er að vinna vel saman að því að skapa gott leikskólastarf og góð samskipti. Starfsfólk leikskólans hefur sett sér þau markmið að miðla upplýsingum til foreldra tímanleg og jafnóðum. Við viljum eiga í stöðugu samráði og samskiptum við foreldra með hagsmuni barnsins að leiðarljósi. Skólinn er samfélag barna, foreldrar og starfsmanna.



Foreldrasamstarf

Foreldrar bera meginábyrgð á velferð og uppeldi barna sinna og er leikskólastarfið viðbót við það uppeldi sem börnin fá á heimilum sínum. Mikilvægt er að strax í byrjun leikskóladvalar barnsins sé lagður grunnur að góðu samstarfi og gagnkvæmu trausti á milli heimilis og leikskóla.

Markmið með foreldrasamstarfi er að tryggja góð dagleg samskipti við foreldra. Góð samvinna við foreldra styður við uppeldisstarf í leikskólanum. Þegar barn byrjar í leikskóla mæta foreldrar í viðtal án barnsins hjá leikskóla- og deildarstjóra leikskólans. Þá er leikskólinn kynntur, samningur um leikskóladvöl er undirritaður, farið er yfir þær væntingar sem foreldrarnir og leikskólinn hafa til samstarfsins. Í þessu viðtali veita foreldrar upplýsingar um uppeldisskilyrði barnsins. Árlega eru foreldrar boðaðir í viðtal þar sem leikskólakennari og foreldrar ræða saman um stöðu og líðan barnsins í leikskólanum. Foreldrum gefst einnig kostur á að nýta sér vikulega viðtalstíma leikskólakennara. Leikskólastjóri tekur viðtöl og við ábendingar og fyrirspurnum í leikskólanum og í tölvupósti

Leikskólinn gefur út fréttabréf fjórum sinnum á ári. Þar koma fram upplýsingar um starfið. Einnig er heimasíða leikskólans notuð til að miðla upplýsingum um m.a. matseðil, leikskóladagatal, myndir af starfinu o.fl. Foreldrar fá afhendan veflykil til að komast inn á fjölskyldusíðu á heimasíðunni. Vefslóðin er <http://www.leikskolinn.is/hlidarberg/>. Heimasíðan er tengd Facebook síðu og fara forsiðufrétti sjálfkrafa á hana. Einnig eru sendar út stuttar tilkynningar í tölvupósti um þau málefni og viðburði sem koma upp á með litlum fyrirvara og til að minna á viðburði.

Foreldrafundir

eru haldnir á hverju hausti þar sem hver deild kynnir starfsemi vetrarins og það sem framundan er.

Opið hús

Foreldrar taka einnig þátt í sumarhátíð leikskólans, pöbbum og öfum er boðið í kaffi á bóndadag og ömmum og mömmu í kringum konudag. Þegar leikskólagöngu lýkur er útskriftarveisla þar sem foreldra leggja til veisluföng og allir njóta kveðjustundarinnar saman börn, foreldrar og starfsfólk.

Foreldrafélag

Foreldrafélag er starfandi við leikskólann. Markmið þess er að styðja við bakið á því starfi sem fram fer innan veggja leikskólans og starfa í samvinnu við stjórnendur og starfsfólk að því að börnunum líði sem best og að þau þroskist og dafni.

Stjórn foreldrafélagsins heldur tvo fundi á haustönn og tvo á vorönn auk aðalfundar í byrjun hvers leikskólaárs (að hausti). Foreldrafélagið er með pistla í fréttabréfi leikskólans, fjármagnar það ýmsar uppkomur í leikskólanum og stendur fyrir fjölskylduferðum.

Foreldraráð

Samkvæmt nýjum leikskólalögum sem samþykkt voru 1.júlí 2008 skal foreldraráð vera starfandi við leikskólana. Þrír fulltrúar foreldra ásamt leikskólastjóra sitja í foreldraráði Hlíðarbergs. Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir um skóladagatal, skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfssemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd og kynningu þeirra fyrir foreldra

Foreldrasamtöl (Aðalnámskrá bls. 49 og lög um leikskóla 2008, 9. gr)

Foreldrum er boðið upp á viðtal við kennara barnsins einu sinni á ári. Kennarar eru með viðtalstíma einu sinni í viku og geta foreldra því fengið samtöl oftast ef þeir þurfa.

7 Tengsl skólastiga og tengsl við nærumhverfið

Fræðsluráð fer með málefni leikskóla og markar stefnu í uppbyggingu og rekstri þeirra í umboðið bæjarstjórnar. Fulltrúi foreldra, starfsmanna leikskóla og leikskólastjóra sitja sem áheyrnarfulltrúar í ráðinu. Yfirstjórn leikskólamálefna hjá Hafnarfjarðarbæ er í höndum Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar sem er til húsa að Strandgötu 31 3. hæð. Fræðslustjóri er Magnús Baldursson, (magnusb@hafnarfjordur.is) sem jafnframt er sviðsstjóri fræðslusviðs Hafnarfjarðarbæjar.

Á skólaskrifstofunni er m.a. eftirfarandi þjónusta fyrir foreldra leikskólabarna og starfsfólk leikskóla:

- almennar upplýsingar um leikskóla í Hafnarfirði
- móttaka erinda sem tengjast leikskólum og eru ætluð fræðsluráði Hafnarfjarðar eða fræðslustjóra
- aðstaða til fundarhalda, smærri funda og námskeiða
- yfirumsjón sérkennsluþjónustu leik- og grunnskóla

Þjónustuver sér um og/ eða á mínar síður

- innritun leikskólabarna
- umsóknir um flutning barna milli leikskóla

Samvinna við félagsþjónustu

Leikskólinn er í samstarf við félagsþjónustu, barnaverndardeild. Tengiliður félagsþjónustu sér um almenna ráðgjöf til starfsmanna leikskólanna vegna viðkvæmra mála sem upp koma. Samkvæmt barnaverndarlögum ber þeim sem hafa afskipti af börnum ríkari skylda starfs síns vegna að tilkynna til barnaverndaryfirvalda ef ástæða er til. Starfandi er samráðsteymi innan leikskólans sem í eiga sæti leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og sérkennslustjóri. Þar eru tekin fyrir málefni er snerta þroska og líðan barns eða barnahópsins og starfmannamál. Teymið fundar reglulega auk þess að tengilið félagsþjónustu, sérkennslufulltrúa og sálfræðingur leikskóla koma á fundi.

Samvinna við heilsugæslu

Í Hafnarfirði er samvinna milli Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar og ungbarnaeftirlits Heilsugæslunnar á Sólvangi og í Firði. Foreldrar allra barna eru hvattir til þess að fara með börn sín í 2 ½ árs og 4 ára skoðun, þar sem m.a. er lagður fyrir spurningalisti fyrir foreldra (PEDS) og athugun er gerð á þroskastöðu með Brigance þroskaprófi. Samvinnan felst í því að ef barn víkur frá viðmiðum í þroskamati við tveggja og hálfis árs skoðun eða fjögurra ára skoðun er með leyfi foreldra leitað upplýsinga frá leikskóla um líðan, hegðun og þroska barnsins. Einnig miðlar heilsugæslan upplýsingum til skólaskrifstofu um niðurstöður úr þroskamati ef barn víkur frá viðmiðum og getur mælt með frekari athugun á barninu s.s. hjá sérfræðingum á Skólaskrifstofu eða á þroska- og hegðunarstöð.

Ef athugasemdir eru gerðar í skoðun á heilsugæslu við þroska eða hegðun barns er bréf sent til sérkennslufulltrúa á Skólaskrifstofu, sem sér síðan um að koma upplýsingum áfram til leikskólans. Sérkennslustjóri metur í framhaldi hvort ástæða er til frekari athugunar á þroskastöðu barnsins, hvort barnið þurfi sérstakan stuðning og íhlutun í leikskóla. Einnig þarf að meta hvort barnið þurfi nánari athugun hjá öðrum sérfræðingum. Ef niðurstöður athugana benda til þess að frávik séu til staðar í þroska barnsins, skal íhlutun eiga sér stað í leikskólanum og er þá búin til einstaklingsnámskrá til 3 mánaða fyrir barnið.

Samstarf leik- og grunnskóla



Í aðalnámskrá leik- og grunnskóla er undirstrikuð nauðsyn þess að samstarf sé á milli skólastiga. Nám í leikskóla á sér stað á annan hátt en í grunnskóla. Þess vegna þarf að móta eðlilegt samhengi í uppeldi og menntun barna á þessum tveim skólastigum. Samstarf og gagnvirk tengsl milli leikskóla og grunnskóla eru mikilvæg til þess að vinna að því. Markmiðið er að stuðla að sem bestu samstarfi við grunnskólann með hag barnanna að leiðarljósi. Stefnt er að því að skapa samfellu í námi og upplýsingamiðlun á skilum skólastiga

Börnin í Hlíðarbergi fá að kynnast grunnskólanum í gegnum samstarf við Setbergsskóla sem m.a. byggir á gagnkvæmum heimsóknum elstu barna leikskólans og fyrsta bekk grunnskólans.

Leikskólinn Hlíðarberg fær afnot af bókasafni Setbergsskólans og elstu börn leikskólans fara í hreyfingu í íþróttahús Setbergsskóla einu sinni í viku. Elstu börn leikskólans taka einnig þátt í viðburðum s.s. þemaviku og skemmtun yngri barna á sal í Setbergsskóla. Fundir kennara úr leikskólunum Hlíðarberg og Hlíðarenda og Setbergsskóla eru að hausti og vori til skiptist í leikskólum og grunnskóla.

Upplýsingum er miðlað frá leikskóla til grunnskóla. Haldnir eru skilafundir að vori þar sem sérkennslustjóri kemur áleiðis upplýsingum um börn sem fengið hafa sérkennslu um eðli hennar og umfang. Auk þess eru niðurstöður úr skimunarprófinu Hljóm-2 skilað á Skólaskrifstofu sem kemur þeim til þess grunnskóla sem barnið fer í.

8 Mat og eftirlit

Mat á skólafarfi hefur þann tilgang að tryggja að réttindi barna séu virt svo þau fái þá menntun og þjónustu sem þeim ber samkvæmt lögum. Mat á skólafarfi er tvíþætt, annars vegar mat sem skólar framkvæma sjálfir og hins vegar mat sem utanaðkomandi aðili vinur á vegum sveitarfélagsins, mennta- og menningarmálaráðuneytis eða annarra aðila. Mat á skólafarfi er meðal annars ætlað að fylgjast með að ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskráa sé fylgt eftir. Í öðru lagi er markmiðið að auka gæði skólafarfsins og stuðla að umbótum, tryggja að réttindi barnanna séu virt og að börn fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum. Að lokum er tilgangur mats á skólafarfi að veita upplýsingar um skólafarfið, árangur þess og þróun (Aðalnámskrá bls. 26 -27, 54)

8.1 Ytra mat á leikskólafarfi

Leikskólarnir bera sjálfir ábyrgð á innra mati en ráðuneytið eða sveitarfélagið sér um ytra matið sem á að felast í úttektum á skólafarfinu eða einstökum þáttum þess. Fræðsluráð hefur eftirlit með því að starfsemi leikskóla samræmist leikskólalögum, reglugerðum og aðalnámskrá leikskóla. Það er meðal annars gert með því að kalla eftir starfs- og símenntunaráætlunum, skóladagatölum og öðrum forvarnaráætlunum er við á hverju sinni. Ráðið ber ábyrgð á að skólafarfið sé metið með hliðsjón af aðstæðum og sérstöðu hvers leikskóla og að skólinn meti innra starf sitt með markvissum hætti. Reglulega eru lagðar fyrir foreldra viðhorfakannanir um líðan og menntun barnanna sem og könnun lögð fyrir starfsmenn þar sem þeir leggja mat á starfsaðstæður sínar. Mennta- og menningarmálaráðuneytið ber ábyrgð á því að fylgjast með því að sveitarfélög uppfylli lögbundnar skyldur sínar gagnvart skólum. Aðalnámskrá myndar grunn viðmiða sem skólafarfið hvílir á en í skólanámskrám útfærir skólinn nánar þau markið og viðmið sem sett eru fram í aðalnámskrá. Innra- og ytra mat á skólafarfi á að ná til allra lögbundinna markmiða skólafarfsins, þ.m.t. hlutverk skóla að styrkja börn til þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi, efla frumkvæði og sjálfstæða hugsun þeirra, samskiptahæfni og fleiri atriði sem tengist meðal annars grunnþáttum menntunar (Aðalnámskrá bls. 28 og 55).

8.2 Innra mat á leikskólafarfi

Í aðalnámskrá er kveði á um að við innra mat skuli gerð grein fyrir tengslum við þau markmið sem sett eru fram í skólanámskrá og að aðferðirnar taki mið af viðfangefnunum sem unnið er að hverju sinni. Innra matið á að byggjast á kerfisbundnum aðferðum sem birtast hér í þessari skólanámskrá. Í aðalnámskrá er lagt til að innra matið fléttist saman við daglegt starf og að það eigi að ná til allra þátta skólafarfsins, svo sem stjórnunar, starfs- og kennsluhátta og samskipta innan og utan deilda. Þá er lögð áhersla að allt skólasamfélagið taki þátt í mati á skólafarfinu. Innra matið veitir upplýsingar um styrkleika í starfi leikskólans og það sem betur má fara. Í ljósi niðurstaðna innra mats er gerð áætlun um umbætur og skilgreindar leiðir að þeim. Leikskólinn birtir opinberlega upplýsingar um niðurstöður innra mats og áætlanir um umbætur í starfsáætlun sem gefin er út árlega. Í reglugerð um starfsemi leikskóla segir að sérhver leikskóli skuli móta aðferðir til að meta uppeldisstarf, stjórnunarhætti og samskipti bæði innan leikskólans og utan.

Hér að framan hefur verið greint frá þeim markmiðum sem leikskólinn hefur sett sér og hvaða leiðir hann hyggst fara til að ná settum markmiðum. Til þess að fylgja eftir og kanna hvort leikskólinn sé að vinna að þessum markmiðum, fer fram stöðugt mat á leikskólafarfinu. Aðferðir við mat eru m.a. uppeldifræðilegar skráningar, fundir, fundargerðir og kannanir, persónumöppur þar sem námsferill og leikskólagangs barnsins er skráð ásamt því að foreldrar skrá sögu barnsins áður en það hefur leikskólagöngu og sumarfrí barnanna.

Markmiðið með matinu er að auka sýn á árangursríkar starfsaðferðir sem skila sér í betri líðan og þroska barnanna og að efla leikskólakennara í starfi.

8.3 Mat á SMT-skólafærni

Leikskólinn hefur starfað eftir SMT skólafærni í nokkur ár og er verkefnið búið að festa sig vel í sessi í starfinu. Í desember 2012 varð leikskólinn sjálfstæður SMT leikskóli en það geta þeir leikskólar orðið sem hafa náð ákveðnu viðmiði. Á hverju vori er gerð verkefnaáætlun sem unnið er eftir allt skólaárið. Einu sinni á ári er lagður fyrir Set-listi. Það er matslisti sem lagður er fyrir starfsmenn og börn leikskólans. Niðurstöðurnar eru notaðar til að meta hvort ákveðnir þættir verkefnisins séu til staðar, ákveða árleg markmið, meta árangur, þróa og endurskoða aðferðir og bera saman á milli ára.

8.3.1 Mat barna

Líðan barns er metið með foreldrum í foreldraviðtölum. Niðurstöður þeirra eru teknar saman og skilað til leikskólustjóra sem sér um að fylgja eftir athugasemdum með starfsfólki eða þar sem þarf. Börnin eru höfð með í ráðum í vali og leitast er við að finna hvað vekur áhuga þeirra t.d. í hópastarfi og í afmælisveislum fá þau að velja á milli hvað boðið er upp á. Leitað er eftir sjónarmiðum barna með umræðum í samverustundum, hópastarfi og með viðtölum. Kennarar nota virka hlustun, spyrja opina spurninga og skrá hjá sér. Atkvæðagreiðslur eru þegar valin er umbun og einnig hægt að nota við fleiri tilefni. Ljósmyndir sem börnin taka segja til um hvað þeim finnst áhugavert. Teikningar af leikskólanum og skoðunarferð um leikskólann þar sem barnið er leiðsögumaður er líka aðferð til að fá fram sjónarmið barnsins. Umhverfisnefnd barna er starfandi og fundar mánaðarlega til að ræða um Grænfána verkefnið.

Kennarar fylgjast með áhugasviði, styrkleikum, getu og hæfni barnsins. Ferilmappa er safn verka barns og námsferils þess. Hvað barnið getur og kann. Barnið fær að taka þátt í að velja verk til að setja í möppuna. Einstaklingsnámskrá er gerð fyrir þau börn sem þurfa þykir. Byrjað er á að meta áhuga virkni og styrkleika barns. Sett eru markmið um framhaldið í samvinnu við foreldra.

8.3.2 Mat starfsmanna leikskólanna

Starfsmannakönnun er lögð fyrir annað hvert ár af skólaskrifstofu Hafnarfjarðar. Niðurstöður eru kynntar og unnið að úrbótum og þær sett fram í starfáætlun. Kennarar nota uppeldisfræðilegar skráningar til þess að gera leikskólastarfið sýnilegt, til að fá betri innsýn í spurningar barnanna og aðferðir barna ásamt því að skoða eigið starf með börnum.

Að nota uppeldisfræðilega skráningu til að gera nám barnsins sýnilegra bæði barninu sjálfu fyrir foreldra og meta stöðu einstaklingsins og hópsins. Skráningar geta verið ljósmyndir, hreyfimyndir, teikningar og myndverk, umræður með barni, samstarfsfólki og fjölskyldu barnsins. Skráning verður uppeldisfræðileg þegar hún er tekin til umræðu. Ræða þarf skráningu við barnið til að fá innsýn í viðhorf þekkingu og nám barnsins. Að ræða við foreldra um skráningar eykur skilning foreldra á styrkleikum barnsins og hvernig það lærir. Ræða við samstarfsmenn um skráningar til að dýpka skilning á viðhorfi þekkingu og námi barnanna. Að auki fer fram bæði formlegt og óformlegt mat á fundum innan leikskólans s.s. daglegir skilaboðafundir, samráð leikskólustjóra við deildarstjóra, deildarfundir, deildarstjórafundir, starfmannafundir, skipulagsdagar, þátttaka í upplýsinga og samráðsfundum á vegum skólaskrifstofu sem leikskólustjóri aðstoðarleikskólustjóri og sérkennslustjóri sækja. SMT teymisfundir bæði í leikskóla og á skólaskrifstofu samráðsteymi leikskólans fundar a.m.k einu sinni í mánuði og einu sinni á önn með með starfsmönnum skólaskrifstofu og félagsþjónustu. Skráðar eru fundargerðir á þessum fundum og þær notar sem matsgögn þegar starfið er metið.

8.3.3 Mat foreldra

Foreldraviðtöl fara fram í uphafi leikskólagöngu og síðan einu sinni á ári og oftast ef þurfa þykir. Leikskólakennarar eru með viðtalstíma einu sinni í viku og eru foreldrar hvattir til að nota sér þá.

Við öflun upplýsinga fyrir matið eru notuð matstæki, til dæmis *viðhorfskönnun* til foreldra. Í viðhorfskönnuninni er foreldrum ætlað að leggja mat á leikskólastarfið með því að svara ákveðnum spurningalista. Á fundum starfsmanna er unnið með niðurstöður könnunarinnar, fest í sessi það sem

vel er gert og lagðar til breytingar á því sem betur má fara. Niðurstöður eru sendar út í fréttabréfi og kynntar á stjórnarfundum foreldrafélagsins. Ábendingar eru alltaf vel þegnar og geta foreldra bæði komið þeim áleiðis í tölvupósti eða í viðtölum við starfmenn.

9 Sérkennsla

Leikskólinn leggur áherslu á sameiginlegt uppeldi fatlaðra og ófatlaðra barna. Unnið er í anda heiltækrar skólastefnu sem grundvallast á þeirri skoðun að allir geti lært en á mismunandi hátt. Hún felur jafnframt í sér að hver einstaklingur sé metin út frá hæfileikum sínum en ekki því sem hann getur ekki. Á Hlíðarbergi er sérkennslan að mestu fléttuð inn í daglegt starf. Börnin læra mest og best í hópnum meðal annarra barna og ekki má gleyma að leikurinn er uppspretta alls náms.

Sérkennslustjóri hefur umsjón með skipulagningu, framkvæmd og endurmati sérkennslunnar. Hann sér einnig um samskipti við foreldra, sérfræðinga og ráðgjafa sem að málinu koma. Einstaklingsnámskrár eru gerðar fyrir börn með frávík sem njóta sérkennslu eða sérfræðipjónustu. Einstaklingsnámskráin gefur upplýsingar um markmið og leiðir sem sett eru fyrir einstaka barn. Leitast er við að finna leiðir sem virka fyrir hvern einstakling. Áhersla lögð á að barnið verði fullgildur meðlimur í leikskólasamfélaginu og að allir kennarar séu virkir þátttakendur í námi þess.

Dæmi um sérkennslu er:

- Aðstoð við barn í daglegu starfi svo barnið geti notið leikskólastarfsins til jafns við önnur börn.
- Einstaklingsþjálfun innan eða utan deildar.
- Hóppþjálfun innan eða utan deildar.

Á Hlíðarbergi fer sérkennslan fram bæði inn á deildum í daglegu starfi, einnig höfum við sérkennsluherbergi „Urriðakot“ sem við notum bæði fyrir einstaklingsþjálfun og hóppþjálfun. Hver sérkennslustund er skráð og hvað er gert í henni og hvernig gekk. Þessar skráningar eru svo yfirfarar með reglulegu millibili og lagt mat á framfarir hjá börnunum út frá skráningunum. Við skipulagningu á kennslu og/eða þjálfun er ávallt unnið í nánú samráði við forráðamenn/foreldra og sérfræðipjónustu leikskóla.

Mat á stöðu og þroska einstakra barna er alltaf gert í samráði við foreldra og þeim kynntar niðurstöður.

10 Heimildarskrá

Helstu stuðningsritin

við gerð skólanámskrár Hlíðarbergs eru m.a.:

- Aðalnámskrá leikskóla
- Lög um leikskóla og reglugerðir
- Starfsáætlun
- Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna
- Þemaheftin um grunnþættina og námsmat
- Ýmis vinnugögn frá Hlíðarbergi s.s. eldri skólanámskrá, starfsmannahandbók, ýmsar áætlanir, vinnuþögg frá vinnufundum kennara, barna og foreldra, upplýsingarit og samningar.